



ÁRSSKÝRSLA SAMTAKANNA '78  
2021-2022





<b>PISTILL FORMANNS</b>	4
<b>PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA</b>	5
<b>SAMTÖKIN Í TÖLUM</b>	6
<b>VIÐBURÐAANNÁLL</b>	7
<b>ALMENNT FÉLAGSSTARF</b>	8
Aðalfundur 2021	
Félagsfundir	
Stjórn	
Félagaráð, hagsmunaráð og ungmennaráð	
Félagslegir skoðunarmenn reikninga	
Starfshópar og nefndir innan Samtakanna '78	
Ráðgjafahópur	
Fagráð Samtakanna '78	
Starfshópur um hinsegin ungmenni	
Starfshópar með aðkomu Samtakanna '78	
Starfshópur um málefni barna með ódæmigerð kyneinkenni	
<b>HAGSMUNAFÉLÖG</b>	9
Trans Ísland	
Hinsegin dagar	
Íþróttafélagið Styrmir	
Hinsegin kórinn	
Q - félag hinsegin stúdenta	
Trans vinir	
Bangsafélagið	
BDSM á Íslandi	
Intersex Ísland	
Ásar á Íslandi	
Hinsegin Norðurland	
Hinsegin Austurland	
<b>FJÁRMÁL, REKSTUR, ÚTGÁFA OG UPPLÝSINGAMÁL</b>	14
Samtökin '78 á fjárlögum	
Þjónustusamningar	
Þjónustusamningur við Forsætisráðuneyti – til þriggja ára	
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg	
Samningur við Hafnarfjarðarkaupstað	
Samningur við Grindavík – nýtt samningsmynstur	
Möguleiki á fleiri samningum við sveitarfélög	
Styrkir velunnara	
Samstarf við fyrirtæki	
Regnbogavinir Samtakanna '78	
Komandi rekstrarár	
Skrifstofa og starfsfólk	
Húsnæðismál	
Upplýsinga-og kynningarmál	
Ný heimasíða Samtakanna '78	
Facebook	
Instagram	
Félagatal, félagsgjöld og félagsskírteini	
Útgáfa	
Leiðarvísir til foreldra þegar barnið þeirra kemur út	

<p>Upplýsingaplakat fyrir 10-12 ára</p> <p>Hvernig er hægt að stofna fjölskyldu fyrir hinsegin fólk</p> <p>Upplýsingar fyrir einstaklinga í leit að alþjóðlegri vernd</p> <p>Kynning á ráðgjöfinni</p> <p>Afmælisritið</p> <p>Útgáfa Samtakanna '78 á öruggum stað</p>	
<b>ALPJÓÐAMÁL</b>	<b>21</b>
<p>Regnbogakort ILGA-Europe</p> <p>Ársþing ILGA-Europe</p> <p>Efling norræns samstarfs</p> <p>Stuðningur við hinsegin Ungverskt fólk</p>	
<b>RÁÐGJAFAPJÓNUSTA OG LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF</b>	<b>23</b>
<p>Almennt um ráðgjafapjónustuna</p> <p>Markmið með þjónustunni</p> <p>Trans teymi BUGL lagt niður</p> <p>Ráðgjafateymi</p> <p>Tölfræði ársins</p> <p>Almennt um notendur þjónustunnar</p> <p>Stuðningshópar</p> <p>Lögfræðiráðgjöf</p> <p>Þróun núverandi þjónustu og utanumhald</p> <p>Framtíð ráðgjafapjónustunnar</p>	
<b>FRÆÐSLUSTARF</b>	<b>30</b>
<p>Almennt um fræðsluna</p> <p>Kynþving</p> <p>ÍSÍ – trans börn og íþróttir</p> <p>GLSEN – skólakönnun</p> <p>Þjónustusamningar</p> <p>Tölulegar upplýsingar</p> <p>Framtíð fræðslunnar</p>	
<b>ALPJÓÐLEG VERND OG FLÓTTAFÓLK</b>	<b>33</b>
<p>Þjónusta fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd</p> <p>Flóttafólk frá Kenýa – eftirfylgni</p>	
<b>LÝÐHEILSA</b>	<b>34</b>
<p>HIV og PrEP</p> <p>Ofbeldi og áreitni</p> <p>Blóðgjafir MSM</p>	
<b>VIÐBURÐIR OG MENNING</b>	<b>36</b>
<p>Áhrif COVID á menningar- og viðburðastarfsemi</p> <p>Starfsemi í Regnbogasál</p> <p>HinUng</p> <p>Hinsegin kaupfélagið</p> <p>A Queer Utopia? The dissonance b/w legal rights and societal acceptance in Iceland</p>	
<b>ATBURÐIR</b>	<b>37</b>
<p>Trans Jesú</p> <p>Sigmundur Davíð og Miðflokkurinn ræðst að intersex fólki</p> <p>Áskorun vegna BUGL</p> <p>Mani á heima hér</p>	

Kynhlutlaus kynskráning hófst hjá Þjóðskrá  
Landlæknir sendir frá sér yfirlsingu  
Kirkja biður hinsegin samfélagið afsökunar, Ein saga – Eitt skref  
Trans strætó

**RÉTTINDABARÁTTA OG LÖGGJÖF** \_\_\_\_\_ **39**

Almennt um réttindabaráttuna á Íslandi  
Umsagnir um frumvörp, reglugerðir og tillögur  
Kynrænt sjálfræði

**HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐ SAMTAKANNA '78 OG TJARNARINNAR** \_\_\_\_\_ **41**

Grunnupplýsingar félagsmiðstöðvar  
Umbótaaðgerðir  
Sértækt hópastarf í Hinsegin félagsmiðstöðinni  
10-12 ára starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar  
Öruggt rými í Hinsegin félagsmiðstöðinni  
Fagstarfið  
Foreldrasamstarf  
Sértækt hópastarf eða sértæk nálgun  
Allskonar merkilegt  
Umbótaaðgerðir  
Trans ungmenni – hópastarf  
Skápurinn – fataskiptaverkefni  
Þátttaka  
Almennar opnanir  
Stafrænar opnanir  
Umfjöllun um þátttöku  
Framtíðarsýn og aðgerðir  
Hnotuskurn  
Draumasýnin  
Skref til framtíðar



Kæra félagsfólk.

Síðastliðið starfsár hefur verið ótrúlega viðburðaríkt, líkt og þessi ársskýrsla ber svo sannarlega með sér. COVID setti aftur strik í reikninginn hvað varðar viðburðahald og tækifæri okkar til þess að koma saman. En þökk sé öllu því stórkostlega fólki sem vinnur fyrir félagið, hvort sem það er í launaðri vinnu eða sjálfboðavinnu, hafa Samtökin '78 samt sem áður sjaldan eða aldrei verið eins öflug og nú. Aukning hefur orðið á öllum vígstöðvum og mér finnst okkur hafa tekist vel að vaxa á ábyrgan hátt, með stuðningi félagsfólks, Regnbogavina og hins opinbera.

Þegar þetta er ritað eru a.m.k. þrjú mál sem Samtökin '78 hafa barist fyrir á dagskrá Alþingis og ráðuneyta: Aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks, frumvarp um bann við bælingarmeðferðum og lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar. Þá eru ótaldar fyrirhugaðar breytingar á reglugerðum er varða blóðgjafir hinsegin karla og kynhlutlaus salerni. Á starfsárinu voru foreldraréttindi trans fólks tryggð með lögum og gjöld fyrir breytingar á kynskráningu felld brott. Allir stjórn mála flokkar lýstu sig svo í aðdraganda kosninga reiðubúna til að vinna að langtímamarkmiði Samtakanna '78 um að Ísland tróni á toppi Regnbogakorts ILGA-Europe.

Samtökin '78 eru svo margt. Þau eru baráttuafli, þau eru athvarf, þau eru líflína. Samtökin '78 eru sameinandi félag alls hinsegin fólks og þegar Samtökin '78 setja mál á dagskrá er hlustað. Við þurfum að halda áfram að nýta það í þágu allra þeirra hópa sem eru hluti okkar fallega og fjölbreytta samfélags.

Starfsárið 2021-2022 er jafnframt síðasta ár mitt sem formaður félagsins. Þessi þrjú ár hafa reynst mér ákaflega lærdómsrík og hafa auðgað líf mitt. Takk fyrir að treysta mér fyrir því að leiða félagið okkar allra.

Ykkar,

Þorbjörg.



Kæru félagar.

Síðasta starfsár hefur verið, svo ekki sé dregið úr neinu, algjörlega magnað. Samtökin '78 eru í hröðum vexti eins og ársskýrslan okkar og ársreikningar sýna. Þessum vexti verður að bregðast við með fagmennsku og festu að leiðarljósi. Vöxturinn sprettur ekki af sjálfu sér heldur er verið að mæta uppsafnaðri þörf að hluta, sem og að aðsókn þeirra sem hafa aldrei nýtt sér þjónustu Samtakanna '78 heldur áfram að aukast. Sýnileikinn er nefnilega svo mikilvægur, og er rótin að allri baráttunni. Sýnileikinn gerir okkur kleift að kynna hvort öðru, læra og skilja.

Starfsárið hefur að vissu leyti einkennst af áskorunum. Líkt og flestir félagar vita þá þurfti að fara í miklar framkvæmdir á húsnæði okkar í Suðurgötu 3. Upphaflega áttu framkvæmdirnar að vera fremur einfaldar, við ætluðum að gera kjallarann upp svo við gætum flutt skrifstofur okkar niður. Þegar þær framkvæmdir voru komnar vel á veg þá uppgötvaðist mikill raki í útveggjum og töluvert af rakaskemmdum. Við tók vinna við að fylla upp í útveggi, skipta um þak, lagfæra pípulagnir og dren og fleira sem að sjálfsögðu taldi með sér töluverðan kostnað. Þessum kostnaði er þó vel varið því Suðurgatan er eina eign Samtakanna '78 og verðmæti hennar ómetnalegt.


Á árinu fórum við einnig í stórtækar aðgerðir til að fjölga einstaka styrktaraðilum sem við köllum Regnbogavini. Áfram vinnum við með Takk-Miðlun, en þau hafa náð góðum árangri við öflun styrktaraðila. Á starfsárinu söfnuðum við meira en 700 Regnbogavinum. Að safna einstaklingum í gegnum fyrirtæki kostar sína peninga en, líkt og með framkvæmdirnar, þá má líta á verkefnið sem fjárfestingu til framtíðar, enda munu þessir fjármunir skila sér til baka á allra næstu mánuðum.

Að lokum vil ég þakka öllum sjálfboðaliðum og félögum fyrir að sofna aldrei á verðinum og fyrir að benda á margt sem má betur fara. Við sem störfum fyrir félagið tökum slíku af auðmýkt og þakklæti. Við erum hér fyrir ykkur.

Ávallt til staðar,

Daníel E. Arnarsson

## SAMTÖKIN Í TÖLUM







Fjölskyldumorgunn 14. mars  
Samstaða með hinsegin Rússum 20. maí  
Félagsfundur að vori 29. maí  
Eikynhneigðraspjall á félagsfundi 29. maí  
Heiðursmerki 27. júní  
Hinsegin 101 fyrir hinsegin fólk 3. ágúst  
100 ástæður til að styðja við hinsegin ungmenni  
Hinsegin 101 - fyrirlestur og fræðsla á Bókasafni Hafnarfjarðar 4. ágúst  
Hinsegin Alþingi 9. september  
Félagsfundur að hausti 30. október  
Kynslóðaspjall á félagsfundi 30. október  
Hatur, nú og þá á félagsfundi 30. október  
Innflutningspartý 2.0 30. október  
Hýrt pöbkviss 6. nóvember  
Hinsegin kynfræðsla á vegum Hin-Ung 7. nóvember  
Briddsnámskeið 8. nóvember  
Sjálfbóðaliðanámskeið með Rauða krossinum 10. nóvember  
Minningardagur trans fólks á vegum Trans Ísland 20. nóvember  
Hinsegin fjölskylduhittingur 5. desember  
Bóklúbbur - Seven Husbands of Evelyn Hugo 5. desember  
Innpökkunarnámskeið 8. desember  
Jólafögnuður á vegum Veru félags 11. desember  
Hinsegin búrlesk námskeið með Kramhúsinu 12. desember  
Bóklúbbur - Guð leitar að Salóme 9. febrúar  
Fjölskylduhittingur 13. febrúar  
Vínsmökkunarnámskeið 19. febrúar  
Hýrt pöbkviss 25. febrúar  
Einar Þór Jónsson fær heiðursmerki 5. mars  
Landsþing hinsegin fólks 5. mars

## AÐALFUNDUR 2021

Aðalfundur ársins 2021 var haldinn í Norræna húsinu, sunnudaginn 7. mars. Vegna samkomutakmarkanna vegna COVID-19 þá fór fundurinn að mestu leyti fram í gegnum fjarfundarbúnað. Fundarstjóri var Uglya Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir og fundarritari Gísli Garðarsson.

Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf, svo sem að kjósa stjórn, breyta lögum og fleira. Þorbjörg Þorvaldsdóttir var endurkjörin formaður Samtakanna '78 og Agnes Jónasdóttir, Ólafur Alex Kúld og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir voru kjörin ný inn í stjórn. Eitt félag var samþykkt sem hagsmunafélag Samtakanna '78 en það er Hinsegin Vesturland.

Nánar má lesa um aðalfundinn í ítarlegri fundargerð sem er opinber á vefsíðu Samtakanna '78

## FÉLAGSFUNDIR

Félagsfundur að vori var haldinn 29. maí 2021 í Norræna húsinu. Á fundinum kynnti Þorbjörg Þorvaldsdóttir markmið stjórnar fyrir starfsárið og einnig var viðburður sérstaklega miðaður að eikynhneigðum en þau Reyn, Sand, Fanney og Antonía tóku þátt í pallborðsumræðum. Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir stýrði umræðum. Félagfundur að hausti var svo haldinn 30. október 2021. Þar var farið yfir málefni líðandi stundar, sem og boðið upp á tvo viðburði: Spjall tvíkynhneigðra karlmanna en þar tóku Morri, Hallberg, Jóhannes Þór og Jói þátt og sögðu frá sinni reynslu, Mars M. Proppé stýrði umræðum, og svo viðburður tengdur hatri - nú og þá. Á þann viðburð mætti Hörður Torfason og Úlfar Viktor og ræddu málin, Jódís Skúladóttir stýrði umræðum.

Báðir félagsfundirnir voru vel sóttir og er greinilegt að fólk vilji mæta á félagsfundum sem innihalda fleiri dagskrárliði, svo sem spjöll og kynningar.

Aukafélagsfundur var svo haldinn 26. nóvember. Skv. lögum Samtakanna '78 þá skal halda félagsfund að hausti og að vori, en kjörnefnd skal kjörin á félagsfundum í nóvember. Þar sem félagsfundur að hausti var haldinn næstsíðasta dag októbermánaðar þá þurfti að halda auka-félagsfund til að kjörstjórn væri skipuð rétt skv. félagslögum.

## STJÓRN

**Stjórn Samtakanna '78 2021–2022 var skipuð eftirfarandi aðilum:**

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, *formaður*  
Andreas Sigurgeirsson, *varaformaður*  
Bjarnís Helga Tómasdóttir, *ritari*  
Edda Sigurðardóttir, *gjaldkeri*  
Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, *alþjóðafulltrúi*  
Agnes Jónasdóttir, *meðstjórnandi*  
Ólafur Alex Kúld, *meðstjórnandi*

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 7. mars 2021. Stjórn fundaði formlega 14 sinnum á starfsárinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi. Allar fundargerðir stjórnar má finna á vef Samtakanna '78, [www.samtakin78.is](http://www.samtakin78.is).

**FÉLAGARÁÐ**

Félagaráð Samtakanna '78 2021-2022 var skipað eftirfarandi aðilum:

Móberg Ordal, formaður  
 Þórhildur Sara Sveinbjörnsdóttir, varaformaður  
 Sigríður Ösp Elinborgardóttir Arnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi í stjórn  
 Kristín Ástríður Ásgeirsdóttir, varaáheyrnarfulltrúi í stjórn  
 Daniel Gunnarsson, meðstjórnandi  
 Hrafnhildur Lára Hafþórsdóttir, meðstjórnandi  
 Ragnar Pálsson, meðstjórnandi  
 Rakel Glytta Brandt, meðstjórnandi  
 Sigtýr Ægir, meðstjórnandi  
 Sindri Mjólnir Magnússon, meðstjórnandi

Félagaráð hélt nokkra fundi á árinu, fyrsta fund sinn héldu þau 15. mars 2021. Þrjú fundir voru svo haldnir sameiginlega með stjórn Samtakanna '78, 22. apríl, 13. maí og 10. júní og einn fund á árinu og var það sameiginlegur fundur stjórnar, félagaráðs og hagsmunaráðs sem haldinn var 7. nóvember 2020. Fundargerðir funda félagaráðs eru aðgengilegar á vef Samtakanna '78. Hagsmunafélög Samtakanna '78 mega skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í hagsmunaráði og hafa rétt til fundarsetu á öllum fundum félagaráðs.

**HAGSMUNARÁÐ**

Hagsmunafélög Samtakanna '78 mega skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í hagsmunaráði og hafa rétt til fundarsetu á öllum fundum trúnaðarráðs.

Hagsmunafélög starfsárið 2020–2021 og fulltrúar þeirra voru:

Porbjörg Bergmann fyrir Ása á Íslandi  
 Harald Schaller fyrir Bangsafélagið  
 Sindri Freyr Bjarnason fyrir BDSM á Íslandi  
 Jórunn Þórkötludóttir fyrir FAS – félag aðstandenda og foreldra  
 Bríet Finnsdóttir fyrir Intersex Ísland  
 Hermann Kristinn fyrir HIN – Hinsegin norðurland  
 Natallía Ýr Jóhannsdóttir Wróblewska fyrir Hinsegin Austurland  
 Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson fyrir Hinsegin daga  
 Steina Natasha fyrir Hinsegin kórinn  
 Vallý Hirst Baldurs fyrir Q-félag hinsegin stúdenta  
 Viima Lampinen fyrir Trans Ísland  
 Birna Björg Guðmundsdóttir fyrir Trans vini

**UNGMENNARÁÐ**

Á aðalfundi 2021 var samþykkt að stofna nýtt ungmennaráð. Tilgangur ungmennaráðs er að þau sem eru yngri en 18 ára geti tekið virkan þátt og haft áhrif í Samtökunum '78. Í ungmennaráði sitja níu kjörnir fulltrúar. Ungmennaráðið er starfrækt hvert skólaár undir handleiðslu forstöðustýris og starfsfólks Hinsegin félagsmiðstöðvar Samtakanna '78 og Tjarnarinnar. Fulltrúar eru kosnir á vettvangi félagsmiðstöðvarinnar í upphafi skólaárs. Ungmennaráð skipar áheyrnarfulltrúa í stjórn Samtakanna '78 og varafulltrúa. Nýtt

ungmennaráð var svo fullskipað í byrjun árs 2022.

## FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Sigurjón Guðmundsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson gegndu hlutverkum félagslegra skoðunarmanna reikninga starfsárið 2021-2022. Hafa þeir undirritað ársreikninga ársins 2021.RÁÐGJAFAHÓPUR

## STARFSHÓPAR OG NEFNDIR INNAN SAMTAKANNA '78

Nokkrar nefndir og starfshópar hafa starfað á vegum félagsins á árinu. Starfshópar og nefndir eru misvirk frá einum tíma til annars. Sumir eru skipaðir um ákveðin tímabundin verkefni á meðan aðrir eru varanlegri. Nefndir og starfshópar félagsins hafa sameiginleg vinnusvæði í Facebook-hópum og hittast meðlimir þeirra í eigin persónu eftir þörfum. Eftirfarandi starfshópar og nefndir voru starfandi starfsárið 2021-2022:

### RÁÐGJAFAHÓPUR

Starfandi er lokaður vettvangur á Facebook fyrir ráðgjafahóp félagsins þar sem þau geta rætt starfið og verið í beinu sambandi við framkvæmdastjóra, formann og skrifstofustýru félagsins. Hópurinn er lokaður þar sem um faglegt og viðkvæmt starf er að ræða. Hins vegar er félögum velkomið að leggja hópnum til góðar hugmyndir og bjóða fram krafta í formi fagþekkingar. Hópurinn tekur afstöðu til hugmynda og ef svo ber undir, hvort þau telji æskilegt að bæta við fleiri ráðgjöfum. Hópurinn er einn helsti vettvangur til mótunar ráðgjafarstarfsins, en einnig notast þau mikið við tölvupóstsamskipti.

### FAGRÁÐ SAMTAKANNA '78

Aðalfundur Samtakanna '78 sem haldinn var í mars 2018 samþykkti siðareglur Samtakanna. Í siðareglunum er gert ráð fyrir því að fylgja aðgerðaráætlun gegn ofbeldi. Vinna við aðgerðaráætlunina hófst í nóvember 2018 en þá var óskað eftir fulltrúum til að skipa hóp um aðgerðaráætlun gegn ofbeldi (HAGO). Aðgerðaráætlunin var kynnt á félagsfundi 25. maí 2019 og kallað eftir athugasemdum. Hún var síðar samþykkt á félagsfundi 9. nóvember 2019. Samkvæmt aðgerðaráætluninni ber Samtökunum að starfrækja fagráð, en stjórn skipaði í fagráðið stuttu eftir félagsfund og hafa þau unnið að verklagsreglum og ferlum. Fagráðið skipa: Hafdís Inga Hinriksdóttir, Hjálmar Gunnar Sigmarsson og Arnrún Sveinsdóttir.

### STARFSHÓPUR UM HINSEGIN UNGMENNI

Starfshópur ungliða var stofnaður snemma 2020 og hefur sem markmið að þarfagreina núverandi úrræði sérsniðið að hinsegin börnum og ungmennum, móta stefnu barna og ungmenna með áherslu á örugg rými, stuðla að fleirum og sem bestu úrræðum fyrir hinsegin börn og ungmenni.

Hópurinn tekur til starfa í byrjun árs 2020 og verða fyrstu verkefni hópsins að þarfagreina bæði þarfir barna og ungmenna og að gera úttekt á núverandi úrræðum sem samtökin hafa undir sinni regnhlíf. Starfshópur vonar að móta stefnu barna og ungmenna í sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins með skýrslu starfshópsins að leiðarljósi

**STARFSHÓPAR MEÐ AÐKOMU SAMTAKANNA '78**

Starfshópur um verkefnaáætlun málefna hinsegin fólks

Forsætisráðuneytið kallaði eftir tilnefningum Samtakanna '78 í vinnuhóp til að koma með tillögur og fara yfir verkefnaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks. Hópurinn fundaði tvisvar með forsætisráðuneytinu. Hópurinn skipaðu: Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Daníel E. Arnarsson, Mars M. Proppé, Arna Magnea Danks, Ragnhildur Sverrisdóttir, Viðar Eggertsson og Salka Snæbrá.

Starfshópurinn skilaði sinni vinnu í janúar 2021 sem var grunnur að nýrri verkefnaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks.

**STEFNUMÓTUNARVINNA STJÓRNAR**

Í upphafi árs setti stjórn sér metnaðarfulla stefnu, bæði skammtímastefnu sem og til langs tíma. Hér eru helstu niðurstöður úr þeirri vinnu.

**STEFNUYFIRLÝSING OG TILGANGUR**

Samtökin '78 eru hagsmuna og baráttusamtök hinsegin fólks á Íslandi. Markmið félagsins er að hinsegin fólk verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi.

Gildi Samtakanna '78: Hugrekki og samstaða.

**LEIÐARVÍSAR SAMTAKANNA '78**

Samtökin '78:

- hafa hugrekki til að ögra ríkjandi viðhorfum
- eru samtök ALLS hinsegin fólks og sá fjölbreytti hópur fólks endurspeglast í sýnileika okkar
- nálgast viðfangsefni sín af fagmennsku og ábyrgð
- Grunnstoðir Samtakanna '78
- Ráðgjöf - Fræðsla - Réttindabarátta - Félagslíf
- Markmiðasetning
- Hér á eftir fylgja markmið fyrir hverja grunnstoð. Ekki einu markmiðin sem skilgreind voru, en þau sem voru valin sérstaklega.

**RÁÐGJÖF: MARKMIÐ**

Yfirmarkmið: Meira samtal - meiri heild

Skammtíma (innan tveggja ára): Fleiri stuðningshópar

2 ára: Fagleg heild: Fast verklag meðal ráðgjafa og við móttöku nýrra ráðgjafa.

5 ára: Húsnæði þar sem fleiri en einn ráðgjafi getur unnið í einu

**FRÆÐSLA: MARKMIÐ**

Skammtíma (innan tveggja ára): Rammáætlun fyrir fræðsluna og skýrara

utanumhald.

2 ára: Aðgengilegt fræðsluefni á netinu.

5 ára: Hinsegin fræði hluti af námi fólks sem starfar með fólki. Samrýmd regnbogavottun á öllum sviðum.

### RÉTTINDABARÁTTA: MARKMIÐ

Skammtíma (innan tveggja ára): Leiðbeiningar til opinberra aðila aðgengilegar.

2 ára: Starfshópur fyrir hvert málefni sem samanstendur af sjálfbóðaliðum með sérfræðikunnátta í málefnaþópnum og fulltrúa hvers hóp

5 ára: Að vera komin í fyrsta sæti á Regnbogakorti ILGA-Europe.

### FÉLAGSLÍF: MARKMIÐ

Skammtíma (innan 2 ára): Samfélagsmiðlastefna- skýr stefna t.d. varðandi aldurshópa sem sækja mismunandi miðla.

2 ára: Námskeið fyrir sjálfbóðaliða, sem bæði gagnleg þjálfun og umbun og eigi að auka samheldni.

5 ára: Að félagsmiðstöðin (Hinsegin félagsmiðstöð) sé að mestu rekin með starfsfólki en ekki að mestu sjálfbóðaliðum.

Ásamt þessum yfirmarkmiðum kynnti stjórn á félagsfundi verkáætlun stjórnar. Áfram verður unnið ötullega að þessum markmiðum og ný stjórn mun setja sér verkáætlun í mars 2022.

## TRANS ÍSLAND

Trans Ísland eru hagsmuna- og baráttu samtök trans fólks á Íslandi. Félagið var stofnað árið 2007 og hefur frá stofnun beitt sér fyrir bættum réttindum trans fólks, ásamt því að standa vörð um málefni trans fólks í samfélaginu.

Félagið hefur átt þátt í að skapa ýmsar lagabreytingar í íslensku samfélagi, t.a.m. lögum um kynrænt sjálfræði, breytingar á hegningarlögum og öðrum lögum er lúta að málefnum trans fólks.

Á árinu hefur félagið haldið upp á ýmsa hátíðardaga, og hefur einnig starfað í fræðslustarfsemi og mun gefa út leiðbeiningabækling fyrir fjölmiðla á þessu ári, ásamt því að framleiða hlaðvarpsþætti um sögu trans fólks á Íslandi.

## BANGSAFÉLAGIÐ

Stofnfundur Bangsafélagsins var haldinn 19. nóvember 2019. Félagið var stofnað í kringum hina árlegu bangsahátíð Reykjavík Bear sem hefur það markið að skapa böngsum félagslegan vettvang til að styrkja sjálfsmynd, samstöðu, auka sýnileika og rækta tengsl við erlendar bangsahreyfingar. Á fundinn mættu níu aðilar og þar voru stofnsamþykktir settar fram og undirritaðar. Í stjórnfélagsins voru kosnir:

- Jóhannes Gíslason formaður,
- Sigurður Guðmundsson gjaldkeri,
- Harald Schaller ritari.

Félagið sótti um að gerast hagsmunafélag Samtakanna '78 og var það samþykkt af hálfu Samtakanna í mars árið 2020. Það gerði það að verkum að félagið hefur greiðan aðgang að stuðningi og þjónustu Samtakanna þegar og ef þörf er á. Harald tók sæti í Hagsmunaráði Samtakanna fyrir hönd félagsins í kjölfarið.

Árið 2021 fór RVK Bear loksins fram í fyrsta skiptið eftir að Bears On Ice hátíðin var lögð niður. Hátíðin gekk vel í alla staði enda lögðu margir hönd á plóg þannig að svo mætti verða. Þar má nefna samstarfið við Samtökin og við féлага okkar í veitinga- og ferðaþjónustu auk fjölda sjálfboðaliða sem komu að málum.

Bangsafélagið var ekki undanskilið Covid áhrifunum en fella varð niður tvo stóra viðburði. Annarsvegar Karlakvöld á Hinsegin dögum í samstarfi við Hinsegin daga og Humpday social sem halda átti með það fyrir augum að kynna starfsemina. Þá stóð til að taka þátt í Gleðigöngunni og bangsagrilli að henni á Klambratúni að henni lokinni.

## HINSEGIN VESTURLAND

Hinsegin Vesturland var stofnað 11. febrúar 2021. Tilgangur félagsins er að auka sýnileika, stuðning og fræðslu ásamt því að efla tengslanet hinsegin fólks á Vesturlandi, auk aðstandenda þeirra og velunnara. Fyrsti stóri viðburður félagsins var Hinseginhátíð Vesturlands sem var haldin í Borgarnesi 9.-11. júlí 2021. Viðburðurinn var þriggja daga hátíð og á dagskránni voru meðal annars gleðiganga, skemmtidagskrá með tónlist og ávörpum, leiksýning og regnbogamessa. Talið er að um 1200 manns hafi sótt hátíðina og var fjallað um hana í helstu fjölmiðlum. Hinseginhátíðin mun flakka á milli sveitarfélaganna á Vesturlandi fer fram í Snæfellsbæ í júlí 2022. Hönnunarsamkeppni um lógó fyrir Hinsegin Vesturland er í gangi en hún var sett af stað á eins árs afmælinu, skilafrestur tillagna er til 25. mars. Félagið hefur einnig fest kaup á bókum um hinsegin fjölskyldur til að gefa í alla leikskóla á Vesturlandi og verða bækurnar afhentar á

vormánuðum.

### HINSEGIN AUSTURLAND

Hinsegin Austurland er sjálfstætt starfandi félag sem var stofnað árið 2019. Tilgangur félagsins er að vera stuðnings- og fræðslusamtök fyrir hinsegin fólk á austurlandi, auk aðstandenda þeirra og velunnara. Við viljum geta boðið upp á fræðslu, ráðgjöf og haldið viðburði sem lúta hinsegin málefnum og styðja við menningu hinsegin fólks á Austurlandi. Við viljum vera sýnileg og til staðar fyrir unga sem aldna, alla þá sem telja sig þurfa á félaginu að halda. Í núverandi stjórn eru fimm einstaklingar og þrír af þeim hafa setið stjórn síðan félagið var stofnað á sínum tíma.

Að stofna svona félag í upphaf covid tímum getur verið strembið en á seinustu árum höfum við reynt að halda reglulega viðburði, hvort sem það er bíókvöld eða pubquiz. Í fyrra gáfum við út lag sem sló rækilega í gegn og seldum einnig hinsegin fána fyrir fólk að flagga á austurlandi og gera það litríkara. Nýjasta verkefnið er Hinsegin Ungliðadeild fyrir ungmenni á austurlandi að taka þátt í og þar sem þau geta komið saman og unnið að sameiginlegum markmiðum sínum

### HINSEGIN DAGAR - REYKJAVÍK PRIDE

Hinsegin dagar halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík og stuðla með starfsemi sinni að vexti hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Þá eru Hinsegin dagar í tengslum við erlendar hreyfingar hinsegin hátíða og eiga í samstarfi við þær. Hinsegin dagar hafa verið ein af borgarhátíðum Reykjavíkur frá árinu 2017 og gildir núverandi útnefning þess efnis til ársloka 2022.

Vegna heimsfaraldurs féll Gleðigangan 2020 niður auk flestra annarra viðburða sem fyrirhugaðir höfðu verið það árið. Nýtt ár fór því af stað með mikilli eftirvæntingu og bjartsýni um grímu- og fólkskvalausa gleði á Hinsegin dögum 2021. Styrkir frá Vinnuálastofnun nýttust til að ráða í fjögur tímabundin stöðugildi við skipulag og undirbúning hátíðarinnar undir leiðsögn stjórnar.

Þegar kom að Hinsegin dögum hafði samkomutakmörkunum verið komið á að nýju en hátíðin fór þó fram í samræmi við gildandi takmarkanir og grímuskyldu. Opnunarhátíð, fræðsluviðburðir og nokkrar sitjandi skemmtanir fóru því fram við góðar undirtektir en að þessu sinni voru flestir viðburðir hátíðarinnar einnig sendir út í streymi. Árlegt tímarit Hinsegin daga var gefið út og Kaupfélag Hinsegin daga var opið auk netverslunarinnar hinseginkaupfelagid.is sem Hinsegin dagar reka í samstarfi við Samtökin '78.

Ekki reyndist mögulegt að halda Gleðigönguna í sinni hefðbundnu mynd. Þess í stað voru skipulagðir litlir pop-up viðburðir í miðborg Reykjavíkur auk þess sem áhugasamir hópar og einstaklingar voru hvattir til að ganga sína eigin leið, flagga og fagna tilvist sinni. Fjöldmörg auglýsingaskilti sýndu fjölbreytta fána hinseginleikans með stuttum útskýringum með það að markmiði að auka sýnileika hinsegin samfélagsins og skapa umræðu. Líkt og árið 2020 var sérstök hátíðardagskrá sýnd á RÚV þar sem hinsegin listafólk lék fjölbreyttar listir við góðar undirtektir.

Um leið og Hinsegin dagar gegna mikilvægu hlutverki í baráttu hinsegin fólks má segja að þeir séu einnig einskonar uppskeruhátíð hinsegin samfélagsins. Stjórn Hinsegin daga bindur því miklar vonir við að á árinu 2022 geti hinsegin fólk sameinast á götum Reykjavíkur á ný enda ljóst að fjöldi landsmanna getur einfaldlega ekki beðið eftir næstu Gleðigöngu.



Nánar á [www.hinsegindagar.is](http://www.hinsegindagar.is) og [www.facebook.com/reykjavikpride/](http://www.facebook.com/reykjavikpride/)

## ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ STYRMIR

Markmið Styrmis frá stofnun þess árið 2006 hefur verið að bjóða upp á íþróttaiðkun þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur. Þá vilja félagar vera fyrirmyndir fremur en staðalímyndir og telja að sýnileikinn þjóni mikilvægu forvarnarstarfi. Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, m.a. á Outgames 2009 í Kaupmannahöfn, Gay Games 2010 í Köln og IGLA sundmóttinu 2012 í Reykjavík en félagið sá um skipulag þess og framkvæmd. Styrmir hefur einnig haldið æfingabúðir og mót fyrir erlend lið við góðan orðstír.

Nokkrir einstaklingar hafa haldið starfinu uppi og blásið til reglulegra sundæfinga. Hittist hópurinn að jafnaði vikulega.

Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með að ÍSí og hefur átt gott samstarf við þau félög í gegnum tíðina. Nánar á: [www.facebook.com/styrmir.sport](http://www.facebook.com/styrmir.sport)

## HINSEGIN KÓRINN

Hinsegin kórinn var stofnaður 2011 og hefur síðan vaxið og dafnað. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman; vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu; vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks. Hinsegin kórinn mismunar hvorki á grundvelli kynhneigðar né kynvitundar og er öllum opinn að undangengnum raddprufum sem að jafnaði eru haldin við upphaf haust- og vorannar.

Kórinn kemur reglulega fram við ýmis tilefni, m.a. á árlegum jóla- og vortónleikum sínum, Hinsegin dögum og í Regnbogamesu, svo fátt eitt sé nefnt. Einnig tekur kórinn reglulega þátt í kóramótum erlendis ásamt því að ferðast innanlands bæði til að æfa saman og koma fram á tónleikum. Kórinn er blandaður kór sem leggur ríka áherslu á fjölbreytt lagaval, allt frá íslenskum þjóðlögum til erlendra popplaga. Virkir meðlimir kórsins eru um 65 talsins, ólíkir einstaklingar á ýmsum aldri sem eiga það sameiginlegt að elska að syngja og skemmta sér saman.

Kórstjóri er Helga Margrét Marzellíusardóttir og formaður er Steina Daníelsdóttir.

Nánar á: [www.hinseginkorinn.is](http://www.hinseginkorinn.is) og [www.facebook.com/hinseginkorinn](http://www.facebook.com/hinseginkorinn)

## Q - FÉLAG HINSEGIN STÚDENTA (BÚIÐ AÐ SENDA Á REYN OG ÓLÖF BJARKA)

Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og hefur beitt sér fyrir bættri stöðu hinsegin fólks á Íslandi. Markmið félagsins eru eftirfarandi: að gefa hinsegin stúdentum og ungmennum tækifæri til að hittast, veita þeim stuðning og auka samheldni þeirra; vera sýnilegt þrýstiafl innan háskólasamfélagsins og í forsvari þegar málefni hinsegin einstaklinga ber á góma; beita sér fyrir hagsmunum hinsegin fólks bæði innan sem og utan háskólasamfélagsins; stuðla að auknum sýnileika hinsegin hópa í kennsluefni, að aukinni fræðslu, kennslu, umræðu og rannsóknnum um hinsegin málefni innan sem flestra deilda háskóla, bæði fyrir nemendur og kennara.

Á starfsárinu hélt Q hinsegin listamarkað, Q-kvöld og fjölmargar vísindaferðir fyrir háskólanema, sem haldnar eru í samstarfi við Samtökin '78. Q tók þátt í Jafnréttisdögum háskólanna þar sem haldinn var viðburður um samtvinnun femínisma og hinseginleika.

Ásamt þessu barðist Q fyrir kynhlutlausri salernisaðstöðu í byggingum Háskóla Íslands. Öll eru velkomin á viðburði Q-félagsins. Félagið er ætlað háskólanemum og ungu fólki á aldrinum 18-30 ára og er ekki skylda að vera í námi til að taka þátt í starfi félagsins. Q er ætlað að vera óþvingaður vettvangur fyrir tengslamyndun, félagslíf og aktívisma

Allar upplýsingar má finna á Facebook síðu félagsins, [www.facebook.com/Qfelag](https://www.facebook.com/Qfelag), eða inni á Instagram reikningnum @qfelag. Félagið heldur einnig úti heimasíðuna [www.queer.is](http://www.queer.is).

### TRANS VINIR

Stjórnin hefur eins og gefur að skilja ekki náð að halda neina viðburði vegna heimsfaraldurs þrátt fyrir að skipuleggja einn sem frestaðist vegna veðurs og síðan voru komnar samkomutakmarkanir þegar komið var að vara dagsetningunni.

Við ætluðum að taka þátt í Reykjavíkur maraþoninu og safna pening til að styrkja starfsmann frá Trans teyminu á BUGL á ráðstefnu. Við létum prenta boli og fór salan vel af stað en dvínaði þegar ljóst var að maraþoninu væri aflýst vegna ástandsins í þjóðfélaginu vegna faraldursins.

Við vorum eins og árin á undan búnar að setja okkur háleit markmið fyrir starfsárið 2021 sem eru mörg hver enn í vinnslu. Þar má einna helst nefna bréf sem er í vinnslu vegna klefamála. Við ætlum að senda bréfið á öll Bæjarfélög á landinu þar sem Lögin um Kynrænt sjálfræði eru að fullu gengin í gegn og allar sundlaugar og íþóttarhús eiga að taka tillit til sér klefa fyrir alla sem þurfa. Ef það er eitthvað sem brennur á okkar félagsmönnum þá erum við alltaf til í nýjar hugmyndir af verkefnum sem reynast okkar málstað vel.

Birna Björg, formaður Trans vina, ásamt Ragnhildi Guðmundsdóttur eru búnar að vera að senda út styrkbeiðnir til að þýða og gefa út barnabækur um hinsegin börn á íslensku. Þær fengu einn styrk á árinu sem var sá rausnarlegasti til þessa. Hugmyndin að útgáfu bókanna er að fá styrki til að gefa þær út og gefa í leikskóla og grunnskóla landsins þar sem slíkar bókmenntir eru ekki til á íslensku. Fyrsta bókin (Ég er Jazz) er enn á lokastigi með Bókabeitunni þar sem útgáfan tafðist þar sem ákveðið var að fá annað álit áður en hún fór í prentun, áætlað að hún komi út vorið 2022. Síðan eru bók númer 2 og 3 í vinnslu hjá Bókaútgáfunni Aragúu. Það eru bækurnar Julian er Hafmeyja og Julian fer í Brúðkaup. Síðan Var Ragnildur svo heppin að fá fund með Reykjavíkurborg og í framhaldi fund með námsgagnastofnun sem ákvað að þýða og gefa út bókina Sex Is a Funny Word út sem kennslubók! Svo styrkurinn sem kom inn núna um áramótinn fer í bók númer sem heitir You Know, Sex: Bodies, Gender, Puberty, and Other Things.

### BDSM Á ÍSLANDI

BDSM á Íslandi er stuðnings- og fræðslufélag BDSM-fólks og opinber málsvari þeirra. Félagið stendur m.a. fyrir fræðsluviðburðum. Á haustönn 2021 voru haldin tvö námskeið, annað um flengileik og hitt um fjötra. Farið var yfir tækni, samþykki og öryggi. Einnig voru haldin kvöld fyrir fræðslu og spjall í frjálsslegu andrúmslofti. Spektrum Reykjavík hefur haldið námskeið tengd BDSM og var samið um afslátt fyrir félagsfólk.

Enn ber á hatursorðræðu og fordómum í garð BDSM-fólks. Félagið tók virkan þátt í umræðum um kynfræðslu og kyrkingar snemma árs 2022. Margt BDSM-fólk sá sig tilneytt að koma út úr skápnunum því tengt til að auka sýnileika okkar allra. Eins varð ljóst að BDSM-fólk sem leitar sér aðstoðar vegna ofbeldis mætir fordómum.

BDSM á Ísland vildi taka þátt í Gleðigöngunni, en vegna heimsfaraldurs Covid-19 var göngunni að endingu aflýst. Þema félagsins átti að vera "Hvenær lýkur okkar grímuskyldu?" og fékk það sérstaka viðurkenningu. Skömmu fyrir gönguna var henni aflýst og var viðburður í Hljómskálagarðinum undirbúinn og auglýstur, en aftur aflýst. Loks var útbúinn dreifipóstur til að auka sýnileika á Gleðigöngudaginn. Einnig gengu 10 manns Laugarveginn og mættu frábæru viðmóti vegfaranda.

Félagið heldur úti Facebook-síðu með um 1200 áskrifendum. Átak var gert í sýnileika á árinu, m.a. með sprelli í desember, þegar snúið var út úr Jólasveinavísu Jóhannesar úr Kötlum og talið niður til jóla með ólaútgáfu af sveinunum.

## INTERSEX ÍSLAND

Intersex Ísland var stofnað árið 2014 með því markmiði að auka meðvitund um málefni fólks sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni og stuðla að því að fræðsla um málefni intersex fólks aukist á Íslandi. Stór hluti starfsemi félagsins síðustu ár fór í vinnu við lagasetningu. Fyrri hluti ársins 2019 fór að miklu leyti í að beita pressu á stjórnvöld að hefja nefndarvinnu við gerð lagafrumvarps. Nefndarstarf fór vel af stað ennþegar að Covid faraldurinn skall á urðu fundir færri, oft vantaði nefndarmenn á fundi og þá sérstaklega fulltrúa frá Landspítalanum og vegna þessa var löggjöfin ekki jafn sterk og vonast var til. Stefnt var á að reyna styrkja ákveðin ákvæði á meðan að frumvarpið var til meðferðar hjá allsherjar og menntamálanefnd. Ekki reyndist hægt að beita jafn miklum þrýstingi og vonast var til á þeim stigum málsins þar sem Miðflokkurinn réðst að frumvarpinu með heift. Árásir Miðflokksins héldu áfram fram eftir haustþingi 2020 og tókst þeim endurtekið að fresta því að málið færi fyrir þing. Mikil orka fór í að fylgja málinu eftir innan þingsins og fjölmiðlavinnu til að útskýra fyrir almenningi hvað frumvarpið snérist raunverulega um. Meðal annars fór formaður í Kastljós heilan þátt til að útskýra frumvarpið fyrir alþjóð. Frumvarpið var svo loks samþykkt í Desember 2020.

Á síðustum árum hefur félagið unnið í alþjóðastarfi, formaður félagsins sótti stjórnarfundum OII Europe. Var viðstödd þegar þing evrópusambandsins samþykkti þingsályktunartillögu um málefni intersex fólks, sótti fundi vegna intersex verkefnis KPH í Póllandi sem leiddi til stofnunar pólskra intersex samtaka, var viðstödd fyrstu balkanskra trans og intersex göngunnar, tók þátt í interex vinnustofu hjá Seta með finnskum intersex aktivistum, tók þátt í IDAHOBIT ráðstefnunni í Osló, fundaði með fulltrúum Suður Afrísku ríkisstjórnarinnar um möguleika í lagasetningum intersex fólki til handa og tók þátt í ILGA Europe ráðstefnunni í Prague, svo eitthvað sé nefnt.

Meirihluti stjórnar sótti svo OII Europe community event og conference í Zagreb haustið 2019.

## ÁSAR Á ÍSLANDI

Ásar á Íslandi er félag eikynhneigðra og eirómantískra. Félagið hefur verið formlega starfandi frá 2018 en á sér aðeins lengri sögu. Á stuttri ævi félagsins hefur sýnileikri eikynhneigðra og eirómantískra stóraukist. Félagið hefur átt í góðu samstarfi við önnur félög undir hinsegin regnhlífinni sem hefur verið ómetanlegt. Ásar á Íslandi eru þakklát fyrir þau skref sem önnur hinsegin félög og einstaklingar hafa stigið og rutt veginn. Við höfum fengið að feta í fótspor þeirra og erum þakklát fyrir. Síðasta starfsár var að mörgu leiti undarlegt vegna heimsfaraldurs en við erum spennnt fyrir bjartri framtíð og hlökkum til frekari samstarfs, sýnileika, gleði og hamingju.

Frekari upplýsingar er hægt að finna á Facebook síðu félagsins og á heimasíðu okkar

www.asaraislandi.is

### HINSEGIN NORÐURLAND

HIN – Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og fara ört stækkandi.

Nánar á: <https://www.facebook.com/hinsegin> eða í netfanginu [hinnordur@gmail.com](mailto:hinnordur@gmail.com)

lögðum með upp í upphafi árs 2020 vegna heimsfaraldsins. Við náðum ekki að halda þá hittinga sem við ætluðum að halda né taka þátt í Hinsegin dögum.

Þrátt fyrir þetta þá náðum við að gera heilmikið til að koma okkar málefnum áfram. Okkur var boðið í viðtala hjá Mannlíf, við söfnuðum undirskriftum vegna BUGL með Trans Íslandi og Samtökunum '78 sem urðu 3369 talsins. Fórum í útvarpsviðtal vegna undirskriftanna og viðtalsins í Mannlíf. Afhentum undirskriftarlistann og vorum í fréttunum, við vorum sýnileg og sýndum að við eru til og stöndum saman með börnunum okkar og aðstandendum.

Við vorum líka búin að setja okkur háleit markmið fyrir starfsárið 2020 en náðum ekki að klára öll. En þau eru ekki gleymd heldur höldum við ótrauð áfram og höfum bætt við verkefni og breytt sumum. Það helsta er að félagið fékk styrki til að gefa út bækur og er fyrsta bókin í útgáfuferli og bók númer tvo er á borðinu til að fara í vinnslu. Það komu út sjónvarpsþættirnir Trans Börn á vegum Stöð 2, þótt félagið tók ekki þátt í því ferli þá auglýstum við það mikið.

## SAMTÖKIN '78 Á FJÁRLÖGUM

Samtökin '78 eru nú í þriðja skipti á fjárlögum Alþingis. Árið 2020 og 2021 var framlag Samtakanna '78 20 milljónir en árið 2022 voru framlögin 24 milljónir, eða hækkun upp á 20% milli ára. Framlögin fara beint inn í almennan rekstur Samtakanna '78 enda hefur umfang rekstursins stækkað mikið umfram þá þjónustusamninga sem Samtökin hafa við hið opinbera. Leitað verður leiða á árinu 2022 að tryggja fjármunina í langtímasamningum við einstaka ráðuneyti.

## ÞJÓNUSTUSAMNINGAR OG FJÁRÖFLUN

### ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ FORSÆTISRÁÐUNEYTI – TIL ÞRIGGJA ÁRA

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna '78, undirrituðu þjónustusamning árið 2021 um að samtökin sinni sértækri fræðslu, þjónustu og ráðgjöf er varða málefni hinsegin fólks.

Með samningnum er framhald samstarfs frá síðustu tveimur árum eflt. Þannig er samningnum ætlað að stuðla að þjónustu annars vegar fyrir hinsegin einstaklinga og aðstandendur þeirra og hins vegar fyrir fagfólk í almannaðjónustu, þar með talið í opinberri stjórnsýslu og skólum.

Samningurinn er til þriggja ára, og greiðir forsætisráðuneytið Samtökunum '78 fimmtán milljónir króna árlega næstu þrjú árin til að sinna þeim verkþáttum sem samningurinn tekur til.

### SAMIÐ ER UM EFTIRTALDA ÞÆTTI TIL ÞRIGGJA ÁRA:

- Að standa fyrir fræðslu um málefni hinsegin fólks sem beinist sérstaklega að fagaðilum sem sinna þjónustu við almenning, s.s. starfsfólk opinberrar stjórnsýslu og skóla. Skal fræðslan veitt án endurgjalds.
- Að standa fyrir árlegum samráðsfundum með kennurum sem kenna kynja-, jafnréttis-, og hinseginfræði á öllum skólastigum í því augnamiði að auka þekkingu og færni kennara á jafnréttismálum og málefnum hinsegin fólks.
- Að eiga árlega samráðsfund með kjörnum fulltrúum og sérfræðingum sem vinna að opinberri stefnumótun á sviði jafnréttismála um málefni hinsegin fólks.
- Að sinna ráðgjöf og hafa umsjón með stuðningshópum sem ætlað er að tryggja að hinsegin fólki og aðstandendum þess standi til boða, því að kostnaðarlausu, ráðgjöf vegna persónulegra mála sem og félags-, sálfræði- og lögfræðiráðgjöf. Þjónustan skal veitt á landsvísu eftir því sem við verður komið með samskiptum í gegnum tölvupóst, síma eða á vefnum. Ef einstaklingar sem hafa þörf fyrir túlkajónustu leita til verksala skal hann annast kaup á þeirri þjónustu með tilliti til samnings þessa.
- Að sinna alþjóðasamstarfi sem hafi að markmiði að byggja upp tengsl við systursamtök á hinum Norðurlöndunum og á alþjóðavettvangi og miðla af reynslu annarra hér á landi.
- Að taka virkan þátt í árlegu kynjaþingi frjálsra félagasamtaka á sviði jafnréttismála og tryggja að raddir hinsegin fólks heyrist á þinginu.

Samtökin '78 eru þakklát forsætisráðuneytinu fyrir endurnýjun samningsins

og vilja sérstaklega þakka Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og Herdísi Sólborgu Haraldsdóttur fyrir ánægjulega samvinnu.

### ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ REYKJAVÍKURBORG

Samtökin '78 skrifuðu undir þjónustusamning við Reykjavíkurborg árið 2020. Samningurinn gildir út árið 2023. Samningurinn kveður á um að Samtökin '78 fræði nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar, sinna ráðgjöf til íbúa borgarinnar og að fræða hjá íþróttafélögum. Reykjavíkurborg tók starfsmannafræðslu úr samningi við Samtökin '78 og hafa sinnt þeirri fræðslu sjálf frá upphafi árs 2021.

Undir lok árs 2021 varð Reykjavíkurborg loks við ósk Samtakanna '78 og Tjarnarinnar – frístundamiðstöð, að rekstur hinsegin félagsmiðstöðvarinnar myndi flytjast frá mannréttinda- og lúðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Einnig samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar að hækka tímabundin framlög til hinsegin félagsmiðstöðvarinnar. Með þessu breytist samningur við Samtökin '78 enda samtökin ekki lengur milligönguliður fyrir þá fjármuni sem koma frá skóla- og frístundasviði heldur munu þeir fjármunir fara beint til Tjarnarinnar. Fjármagn borgarinnar til Samtakanna '78 á árinu 2022 verða því fimm milljónir króna og níu milljónir til reksturs hinsegin félagsmiðstöðvarinnar.

Reykjavíkurborg, Samtökin '78 og Tjörninn – frístundamiðstöð munu á næstu vikum klára formlega samningsgerð.

### SAMNINGUR VIÐ HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐ

Samtökin endursömdu við Hafnarfjarðarkaupstað, líkt og undanfarin ár, um áframhaldandi fræðslu og þjónustu við hafnfirsk ungmenni sem og aðra starfsmenn Hafnarfjarðar.

Samtökin 78 veita Hafnarfjarðarkaupstað eftirfarandi þjónustu gegn ákveðnu fjárframlagi bæjarins fyrir hvern þjónustubátt sem hér neðar tilgreinir:

Samtökin 78 veiti nýju starfsfólki grunnskólanna fræðslu um (1) kynhneigð, (2) kynvitund og (3) kyneinkenni fólks. Markmið fræðslunnar er að starfsfólk skóla hafi þekkingu á hinseigin málefnum og geti verið virkir fræðarar á umræddum sviðum á vettvangi jafnréttis og mannréttinda í skólastarfi grunnskólanna. Fræðslan fari fram að hausti.

Hafnfirsk ungmenni fá aðgang að ráðgjöf Samtakanna 78 án endurgjalds.

Samtökin 78 annist fræðslu (80 mín. á bekk/hóp) fyrir alla nemendur í 8. árgangi grunnskóla Hafnarfjarðar skólaárið 2020-2021. Fyrir umrædda fræðslu greiðir Hafnarfjarðarkaupstaðar 420.000 kr.

Samtökin 78 verði með einn 2ja klst. fræðslufund fyrir starfsfólk leikskóla (50-100 manns) á skólaárinu um hinsegin málefni tengd börnum á leikskólaaldri.

Fjárframlög frá Hafnarfjarðarbæ hafa hækkað lítillega og er hljóðar samningurinn nú upp á 1.075.000 kr. Samið er til eins árs með vilyrði um endurnýjun á næsta ári.



**SAMNINGUR VIÐ GRINDAVÍK**

Samtökin '78 sömdu við Grindavíkurbæ árið 2021 og hefur samstarfið gengið afar vel. Samið var til þriggja ára. Samið var um fræðslu til starfsfólks grunnskóla, þar sem allt starfsfólk fær fræðslu fyrsta árið, en aðeins nýtt starfsfólk síðari tvö árin. Fræðsla til nemenda grunnskóla, þar sem þrjú árgangar (3. 6. og 9. bekkur) fá fræðslu. Fræðsla til stjórnenda Grindavíkurbæjar, ráðgjöf til Grindvíkinga, fræðsla til starfsfólks leikskóla sem og starfsfólks og notendur frístunda- og félagsmiðstöðva. Samtökin '78 eru afar ánægð að geta boðið upp á þessa þjónustu fyrir Grindavíkurbæ og vilja sérstaklega þakka Eggert S. Jónssyni fyrir góðar samningsviðræður.

Samið var eftir nýju samningsmódeli Samtakanna '78 sem tryggir enn fleiri einstaklingum fræðslu og ráðgjöf frá Samtökunum.

**SAMNINGUR VIÐ SNÆFELLSBÆ**

Samtökin '78 og Snæfellsbær undirrituðu samning á árinu 2021. Farið var eftir Grindavíkurmódelinu sem tryggir Snæfellsbæ víðtæka fræðslu og ráðgjöf frá Samtökunum '78. Viljum við þakka Laufeyju Helgu Árnadóttur og Heimi Berg Vilhjálmssyni fyrir góðar samningaviðræður.

**MÖGULEIKI Á FLEIRI SAMNINGUM VIÐ SVEITARFÉLÖG**

Stjórn hefur lagt mikla áherslu á það að gera fleiri samninga við sveitarfélög víðsvegar um landið. Samningsviðræður eru í gangi í nokkrum sveitarfélögum og eru komnar vel á veg á Akureyri og í Árborg. Það er von okkar að á árinu 2022 munu fleiri sveitarfélög semja við Samtökin '78 um nauðsynlega og þarfa hinsegin fræðslu.

**SAMNINGUR VIÐ MENNTAVÍSINDASVIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Þann 4. maí skrifuðu Samtökin '78 undir samstarfssamning við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en samningurinn mun efla fræðslu og ráðgjöf á sviðinu tengt kynja-, jafnréttis- og hinseginfræðum. Samningurinn kveður á um tveggja klst. árlegan samráðsfund með með kennurum fagstétta og fræðslu inn í sérstök námskeið eftir því sem við á. Þá munu allir grunnnemar Menntavísindasviðs sitja tveggja kennslustunda fræðslu frá Samtökunum '78 um kyntjáningu, -hneigð, -einkenni og kynvitund. Einnig munu Samtökin vera nemendafélögum innan handar hvað varðar allar ráðleggingar sem snúa að hinsegin málefnum. Samningurinn gildir í þrjú ár og er ljóst að hann mun bæði auka samstarf HÍ og Samtakanna '78 og bæta hinsegin fræðslu innan greina Menntavísindasviðs.

**STYRKUR FRÁ HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTI**

Þær fréttir bárust í maímánuði að samtökin hefðu fengið fjögurra milljóna styrk frá heilbrigðisráðuneytinu. Styrknum var ætlað að koma til móts við aukna ásókn í ráðgjafþjónustu samtakanna í heimsfaraldrinum og til að styrkja en frekar við sérhæfðan stuðning samtakanna við trans fólk.

**STYRKIR VELUNNARA**

Samtökin '78 búa vel að mörgum velunnurum félagsins en fjöldi einstaklinga hefur

lagt Samtökunum lið á starfsárinu í hinum ýmsu málefnum. Þó er einn málaflokkur, er varðar hinsegin fólk í leit að alþjóðlegri vernd, sem hefur verið styrktur sífellt meira af einstaklingum. Líklegasta skýring þessa er að enginn þjónustusamningur er við Samtökin '78 til að fjármagna málaflokkinn. Því hefur samfélagið sjálft gripið inn í með nauðsynlegum fjárstyrkjum.

### SAMSTARF VIÐ FYRIRTÆKI

Samtökin '78 hafa notið góðs af því á síðasta starfsári að vera tengd fyrirtækjum sem taka samfélagslegri ábyrgð alvarlega. Ber þar helst að nefna Advania, Landsbankann, Arína – upplýsingatækni, Pink Iceland og Te & Kaffi. Þessi fyrirtæki hafa öll styrkt Samtökin '78 með beinum fjárframlögum eða styrkjum í formi vara eða þjónustu.

Nokkur fyrirtæki hafa aukinheldur leitað til Samtakanna þegar kemur að hinsegin málum, eru ávallt tilbúin til samstarfs, ásamt því að vera alltaf til staðar þegar Samtökin þurfa á smærri styrkjum eða þjónustu á að halda. Viljum við sérstaklega nefna Kíkí Queer Bar, Skúla Craft Bar, Grænu stofuna, Jómfrúna, Gaukinn, Mótíf auglýsingavörur, Litróf og fleiri.

### SAMSTARFSYFIRLÝSING VIÐ SAMKAUP

Samtökin '78 og Samkaup skrifuðu undir samstarfsyfirlýsingu sem snýr að jafnréttisstefnu Samkaupa. Samtökin '78 fagna frumkvæði Samkaupa og hlakka til að taka virkan þátt með Samkaupum til að byggja undir jafnréttisstefnu þeirra.

Bæði Samtökin '78 og Samkaup eru sammála um að gera þurfi betur í málefnum hinsegin fólks á vinnumarkaði á Íslandi. Veita þurfi hinsegin fólki betri aðgang að vinnumarkaði á þeirra forsendum og án fordóma né öðrunar. Stjórnendur þurfi að sýna fordæmi og efla vitundarvakningu meðal starfsfólks síns um málefni hinsegin fólks og stuðla þannig að opnari samskiptum. Aðilar eru sammála um að þörf sé á nýrri nálgun og nýrri hugsun í málefnum hinsegin fólks á vinnumarkaði á Íslandi.

Markmið samkomulagsins er að skapa vettvang fyrir umræðu, upplýsingaöflun og miðlun fræðslu, rannsókna og þróunarstarfs í þessum málefnum.

Samstarfsaðilar munu á samningstímabilinu vinna sameiginlega að eftirfarandi verkefnum:

- Námskeiðahaldi og fræðslu um málefni hinsegin fólks á vinnumarkaði á Íslandi, bæði til handa stjórnendum Samkaupa sem og öðrum starfsmönnum. Með þessu verður leitast við að skapa umræður, nýja hugsun og nýjar leiðir í samskiptum við hinsegin samstarfsfólk.
- Að sama skapi verður leitast við að fræða stjórnendur og starfsfólk um mikilvægi opinna samskipta og aðgerða gegn hverskyns fordómum á vinnustað.

### REGNBOGAVINIR SAMTAKANNA '78

Á árinu 2020 var lögð rík áhersla á söfnun einstakra styrkja frá einstaklingum. Gerður var samningur við fyrirtækið Takk-Miðlun sem nú sjá um einstaka styrki til Samtakanna '78. Öll geta gerst Regnbogavinir og hefur það aldrei verið jafneinfalt. Takk-Miðlun hefur aðstoðað Samtökin '78 við söfnun, meðal annars með símtölum til almennings og Facebook-leikjum.

Strax hefur þessi vinna borið árangur, og eru nú 261 einstaklingar Regnbogavinir. Þetta






Þýðir að Samtökin eiga von á 370.000 krónum mánaðarlega. Markmið ársins 2021 er að safna 500 Regnbogavinum og að mánaðarlega skili sér rúmar 700.000 krónum til Samtakanna frá einstaklingum.

Árið 2020 voru 261 Regnbogavinur skráður hjá Samtökunum '78. Samtökin og Takk - miðlun settu sér það markmið að þeir yrðu orðnir 500 á árinu 2021. Söfnun Regnbogavina gekk fram úr björtustu vonum og eru Regnbogavinir nú 729 talsins og skila um 1.200.000 á mánuði til Samtakanna '78.

Markmið ársins 2022 er að tvöfalda þessa tölu og vera komin með rúmlega 1400 Regnbogavini á árinu 2022.

### KOMANDI REKSTRARÁR

Samtökin '78 hafa meira en þrefaldað rekstur sinn á síðustu fimm árum. Vitaskuld fylgja því einhverjir vaxtaverkir sem stjórn og starfsfólk hefur brugðist við. Þrátt fyrir þennan mikla vöxt þá er gert ráð fyrir því að halda áfram að safna sjálfsaflafé og binda frekar samninga til nokkurra ára.



### SKRIFSTOFA OG STARFSFÓLK

Skrifstofa Samtakanna '78 hefur tekið nokkrum breytingum á síðasta starfsári. Daníel E. Arnarsson er enn framkvæmdastjóri og hefur hann gegnt þeirri stöðu frá 1. júlí 2017. Sólveig Rós, fyrrum fræðslustýra og verkefnastýra, lét af störfum 31. mars sl. Tóttla I. Sæmundsdóttir er fræðslustýra síðan í janúar 2020. Sigurgeir Ingi Þorkelsson er kynningar- og viðburðarstjóri, áður móttökuritari. Nýr móttökuritari var ráðin í apríl 2021 en það er Bergrún Andra Hölludóttir, og var hún ráðin í 60% starf. Í janúar 2022 var Bergrún svo hækkuð í 100% starf og gegnir hún nú stöðu skrifstofustýru. Gert er ráð fyrir frekari mannráðningum á starfsárinu 2022 og vinnur framkvæmdastjóri að því með stjórn.

Eftir sem áður hafa Samtökin '78 notið aðstoðar öflugra sjálfbóðaliða sem sinna verkefnum ötullega, en með auknu starfsmannahaldi hefur fjöldi mála flust yfir á launað starfsfólk Samtakanna. Á starfsárinu hafa Samtökin '78 haldið áfram vinnunni að flytja allan almennan rekstur félagsins á starfsfólk og halda sjálfbóðadrifnum verkefnum sértækum. Aukið starfsmannahald tryggir sjálfbærni Samtakanna '78 og eykur stofnanaminni.

### STARFSNEMAR Á SKRIFSTOFU

Samtökin '78 og Alþjóðleg Ungmennaskipti (AUS) hafa unnið saman síðastliðin tvö ár. Arie Harperath var starfsnemi á skrifstofu Samtakanna frá ágúst 2021 til febrúar 2022. Í hans stað kom svo Matilda Friedrich og verður hún á skrifstofunni til sumarloka. Það er Samtökunum '78 mikilvægt að taka þátt í þessu verkefni með AUS, ekki aðeins hafa starfsnemarnir sýnt fram á mikilvægi sitt heldur er samfélagsleg skylda Samtakanna '78 ríkuleg. Starfsnemar frá AUS sinna smærri og reglulegum verkefnum á skrifstofunni en koma ekki í stað launaðs starfsfólks.

Í febrúar 2022 kom svo annar starfsnemi frá Kaupmannahafnarháskóla, Odin Winsvold, en hann er í félagsráðgjafanámi. Odin er með sérþekkingu þegar kemur að hinsegin fólki sem leitar að alþjóðlegri vernd og einnig hefur hann unnið með Alnæmissamtökunum í Kaupmannahöfn. Odin verður á skrifstofu Samtakanna '78 til júní 2022.

### HÚSNÆÐISMÁL

Undir lok ársins 2021 flutti skrifstofa Samtakanna '78 aftur í Suðurgötu við mikinn fögnuð starfsfólks. Eins og flest vita þá var sú ákvörðun tekin að flytja skrifstofuna í kjallara húsnæðisins, enda það rými lítið notað. Flutningar voru á áætlun, skipt var um gólfefni kjallarans, hann málaður, hönnuð lýsing og fleira til. Haustið 2020 fór starfsfólk að finna fyrir þurrki í hálsi og húð, slappleika og svima, því var ákveðið að leita til EFLU-verkfræðistofu til að kanna málið frekar og raka- og mygluskemmdir reyndust vera í húsnæðinu. Af þeim sökum fluttist skrifstofan ekki niður eins og áætlað var heldur í Hverfisgötu 38 þar sem hún var til loka árs 2021.

Húsnæði Samtakanna '78 nýtist nú sem fullbúin skrifstofa (í kjallara), ráðgjafamiðstöð og félagsheimili. Á næstu vikum og mánuðum mun fara fram enn meiri vinna til að gera húsnæðið okkar enn betra og þægilegra fyrir okkur öll. Umtalsverð vinna hefur farið í að gera húsnæðið almennilegt en í upphafi var haldið að aðeins væri um mygluskemmdir að ræða. Það var fjarri lagi. Í raun voru mygluskemmdir í lágmarki en mikill raki var í útveggjum. Til þess að laga rakann þá þurfti að fara í eftirfarandi framkvæmdir: Skipta um þak, fjarlægja skorstein á þaki, þetta sprungur utanhúss, lagfæra dren og athuga allar

pípulagnir og skipta út þeim sem láku, ásamt því að salur og kjallari voru máluð upp á nýtt. Þetta var því umtalsvert meiri framkvæmd en gert var ráð fyrir í upphafi. Áætlaður kostnaður er um 16 milljónir króna en hlutur Samtakanna '78 var um 11 milljónir þar sem kjallari húsnæðisins fór verst úti vegna rakans.

Að því sögðu þá er húsnæðið gott í dag og engin ummerki um frekari raka, vissulega hafa einhverjir veggir bólgnað út en það er eðlilegt þar sem eldri raki er að losa sig niður, það verður fjarlæggt með vorinu enda lítilsháttar skemmdir. Unnið er að því að bæta inngang baka til og nýta það rými betur, t.d. sem biðstofa fyrir ráðgjafabjónustu. Í febrúar var það rými málað og skipt um kerfisloft.

Ásamt þessu öllu þá hefur starfsfólk unnið að fegrun húsnæðisins, fundið gamlar myndir og rammað þær inn. Eins mun listaverk bráðlega prýða suðausturvegg salarins. Margt spennandi er að gerast varðandi húsnæði og Samtökin sníða sér stakk eftir vexti, eins og þeim einum er lagið.

## UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL

Samtökin '78 halda úti vefsíðu, póstlista og eru virk á helstu samfélagsmiðlum, svo sem Facebook, Instagram og Twitter.

Samtökin hafa aukið viðveru í fjölmiðlum enn meira og líður núna vart vika án þess að samtökin og okkar málefni rati í fréttir.

### HEIMASÍÐA

Ný heimasíða Samtakanna '78, sem fór í loftið vorið 2020, heldur áfram að nýttast starfseminni vel. Í gegn um síðuna fara allar beiðnir um ráðgjafartíma, fræðslubeiðnir, skráningar á námskeið, fyrirspurnir til starfsfólks og svo framvegis. Þá eru þar birtar fréttir af helstu viðburðum á vegum samtakanna auk þess sem yfirgripsmikil síða Spurt og svarað svarar öllu mögulegu sem viðkemur hinseginleika og starfsemi samtakanna. Einn stærsti kostur þess að vera komin með síðuna í fullt gagn er að það magn upplýsinga sem síðan heldur utan um sem hægt er að nálgast á einum stað. Þá er síðan frábær til að geta beint fólki áfram sem hefur fyrirspurnir. Stefnan er að ef fyrirspurnin tengist starfsemi okkar á að vera hægt að beina henni í farveg innan heimasíðunnar.

### FACEBOOK

Facebook-síða Samtakanna '78 er eitt helsta tæki okkar til upplýsingarmiðlunar. Aukið hefur verið hve mikið efni birtist en þar birtist nú fjöldi innleggja á hverjum degi. Sagt er frá því sem er á döfinni hjá samtökunum, minnt á stefnu okkar alls staðar þar sem tilefni er til og deilt hinsegin fréttæfni. Oftar en ekki gefur fréttæfni tækifæri til að minna á okkur og stefnu samtakanna.

Á Facebook-síðu okkar á alltaf að vera auðvelt að sjá hvað er að gerast í dag hjá samtökunum, hvað er að gerast á næstu dögum og hver okkar helstu baráttumál eru. Þá er birt efni í tilefni af hátíðisdögum, bæði hinsegin merkisdögum eins og minningardga trans fólks og íslenskum hátíðisdögum sem gaman getur verið að bregða í hinsegin búning.

Fylgjendafjöldi Samtakanna '78 á Facebook stendur í 8702 sem er aukning um 829 frá

fyrri ári, eða rúmlega 10% aukning.

### INSTAGRAM

Samtökin '78 juku nærveru sína á Instagram umtalsvert á starfsárinu. Verkefnið er eitt þeirra sem auðveldara hefur orðið að leggja tíma og orku í með tilkomu aukins starfshlutfalls á skrifstofu.

Daglega birtist efni í hringrás (e. story) samtakanna sem hefur reynst þægileg til upplýsingamiðlunar. Hún er snörp og fljótandi og er haldgóð til að koma upplýsingum út hratt. Hún hjálpar okkur að góðu sambandi við félagsfólk og önnur áhugasöm um okkar starfsemi. Hringrásina notum við til deila því sem á sér stað á vettvangi okkar frá degi til dags í bland við fréttir af alþjóðlegum hræringum í hinsegin málum.

Birtingar á myndavegg samtakanna hafa verið auknar mikið. Þar birtast myndir frá viðburðum, þar er talað fyrir stefnu samtakanna og baráttumálum, þar birtast tilkynningar um daglega starfsemi og sagt er frá afrakstri samstarfsverkefna. Þá er fangað hátíðisdögum, bæði þjóðlegum og hinsegin. Einnig gefast tækifæri til að gera þjóðlega hátíðisdaga hinsegin en þriðja vinsælasta innlegg okkar á síðasta ári var þegar við nýttum dag íslenskrar tungu í að fagna kynhlutlausu tungutaki og grósku í húyrðasmíð.

Ljóst er að aukin áhersla á Instagram sem miðil hefur skilað sér í auknum fylgjendafjölda. Þeir eru nú 2621 en eru í síðustu ársskýrslu sagðir vera 1894. Þeim hefur því fjölgað um 727 eða 38%. Miðað við þessa miklu aukningu milli ára verður að teljast líklegt að samtökin eigi þar enn mikið inni.

### TWITTER

Hefur reynst mikilvægur miðill til að miðla upplýsingum. Twitter er góður miðill til að koma okkar sjónarmiðum á framfæri við fólk sem hlustar af athygli og bregst vel við.

Nýlega sáum við til að mynda samfélagslega umræðu hefjast í kjölfar tísts samtakanna þar sem bent var á langa biðlista trans fólks eftir kynleiðrættandi aðgerðum, en þau sem beðið hafa lengst hafa nú beðið í á fjórða ár. Ýtti þetta af stað umræðu á miðlinum sem leiddi til þess að frétt var skrifuð sem leiddi af sér aðrar fréttir og umræður inni á Alþingi. Það má því teljast ljóst að með þessu hafi miðillinn sannað mikilvægi sitt.

Fylgjendur á Twitter voru skráð færri en 1000 í maí 2021 en eru í dag nýjörðin fleiri 2000. Það er því ljóst að við að taka miðilinn í reglulega notkun hefur fært í ljós notagildi hans við að koma okkar efni og áherslum á framfæri og þá eftirspurn sem þar var eftir rödd og sjónarmiðum samtakanna.

### FÉLAGATAL, FÉLAGSGJÖLD OG FÉLAGSSKÍRTEINI

Félagar Samtakanna '78 eru 1364 þegar þetta er skrifað, 33 fleiri en í fyrra.

Það fyrirkomulag að bjóða upp á þrjú félagsgjöld hefur reynst vel en fyrst var notast við fyrirkomulagið þegar félagsgjöld voru send út í fyrra. Í boði er almennt gjald upp á 5.900 kr., lægra gjald upp á 2900 kr. og við bættist þriðja gjald upp á 500 kr. Gjaldinu er ætlað að vinna gegn því að hinsegin fólk veigri sér að taka virkan þátt í starfinu vegna efnahagslegrar stöðu. Félagfólk velur sjálf hvaða gjald þau vilja greiða og er engra útskýringa krafist. Einfalt er að uppfæra félagsgjald, sem og aðrar upplýsingar í félagatali á vefnum okkar, undir síðunni „Gerast félagi“.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2021 námu 2.796.300 kr. Þetta er umtalsverð aukning frá árunum áður. 545 einstaklingar greiddu félagsgjöld fyrir árið 2021 og hafa sjaldan fleiri verið greiðandi félagar, en fjöldi þeirra er um það bil sá sami og í fyrra.

Fyrsta starfsárinu þar sem félagskírteinin hafa verið rafræn er nú lokið. Reynslan hefur verið góð en það háir útgáfu þeirra hve fá á félagatali hafa þar skráð tölvupóstfang. Nauðsynlegt er að hafa tölvupóstfang til að geta sent út hlekk til að sækja skírteinið. Á fjórða hundrað sóttu skírteinið sem er umtalsverð aukning frá um 100 félögum árlega sem sóttu skírteinið á pappírformi.

Hýsing skírteinanna er í höndum Smart Solution. Til að gæta allrar persónuverndar þá eru félagskírteinin ekki persónugreinanleg, því á þeim er ekki að finna kennitölu heldur einungis félaganúmer sem aftur eru orðin hluti af félagatali Samtakanna '78. Nú geta félagar einfaldlega auðkennt sig með félaganúmeri. Félagsskírteinin, félaganúmerin og fleira því tengdu má nánar lesa um á vefsíðunni okkar.

## ÚTGÁFA

Stærsta útgáfuverkefni ársins var útgáfa ungbarnabókanna Morgunverkin og Háttatíminn eftir Lawrence Schimel. Elina Braslina teiknaði myndir en íslensk þýðing var í höndum Bjarndísar Helgu Tómasdóttur og Þorbjargar Þorvaldsdóttur.

Sólveig Rós vann sem verkefnastýra útgáfu frá janúar fram í mars 2021. Hún vann að gerð bæklinga fyrir aðstandendur hinsegin manneskju sem nýlega er komin út, bækling ætlaðan umsækjendum um alþjóðlega vernd, bækling ætlaðan 10-12 ára börnum í hinsegin hugleiðingum og bækling um barneignir hinsegin fólks. Ekki tókst að klára vinnu þessara bæklinga á starfsárinu.

Hafið er samstarf við Proskahjálp um útgáfu bæklinga í anda bæklinga „Hvað er hinsegin?“ sem unninn í samstarfi við Reykjavíkurborg. Nýji bæklingurinn mun útskýra merkingu hinsegin hugtaka á auðskildu máli.

### REGNBOGAKORT ILGA-EUROPE

Í maí 2021 gaf ILGA-Europe út árlegt regnbogakort sem sýndi að staða Íslands í Evrópsku samhengi hefur batnað töluvert á síðustu árum. Á þessu ári situr Ísland í 14. sæti listans og stendur í stað frá síðasta ári, enda margt nýtt sem kom inn sem bætti stöðu Íslands á kortinu. Regnbogakortið skiptist í sex flokka sem varða réttindi hinsegin fólks. Árið 2021 uppfyllti Ísland 54% af lagalegum réttindum hinsegin fólks, sama prósentu og í fyrra. Staða Íslands í dag skiptist svona í eftirtöldum flokkum:

- Jafnrétti og bann við mismunun: 38%
- Réttur samkynja para í fjölskyldumálum: 83%
- Hatusorðræða og hatursglæpir: 26%
- Lagaleg viðurkenning á kynvitund og líkamlegu friðhelgi: 70%
- Funda-, féлага-, og tjáningarfrelsi: 100%
- Málafni hinsegin hælisleitenda: 17%

Vegna laga um kynrænt sjálfræði árið 2019 hefur Ísland hækkað umtalsvert og líklega mun Ísland hækka enn meira miðað við þann kafla sem samþykktur var inn í lög um kynrænt sjálfræði í desember 2020.

Þess ber að geta að Regnbogakortið er nú aðgengilegt á íslensku á samtökin78.is.

Samtökin '78 skiluðu stjórnvöldum skýrslu um stöðu Íslands á Regnbogakortinu. Er hún hér í ársskýrslunni sem viðauki.

### ÁRSPING ILGA-EUROPE

Vegna COVID-19 var ársþingi ILGA-Europe frestað árið 2021 en í stað haldið þing á netinu.

### EFLING NORRÆNS SAMSTARFS

Samtökin '78 ásamt systurhreyfingum á Norðurlöndunum hafa á síðastliðnum mánuðum skipulagt ráðstefnu sem haldin verður í Osló í maí. Þessi ráðstefna er liður í því að efla norrænt samstarf enn frekar. Ráðgert er að hvert Norðurland sendi 12-15 fulltrúa til Oslóar 18.-20. maí næstkomandi og fari yfir helstu mál er brenna á hverju félagi fyrir sig. Ráðstefnan er styrkt af ráðherranefnd Norðurlandaráðs.

Í ágúst kom út skýrslan Hälsta, välmående och livsvillkor bland unga LGBTI-personer i Norden sem þýdd var á ensku. Einnig er hægt að nálgast samantekt úr skýrslunni á íslensku. Eins og segir í inngangi skýrslunnar:

Þrátt fyrir að lífsskilyrði hinsegin fólks á Norðurlöndum hafi breyst síðustu sjötíu árin, sýna stórar lýðheilsurannsóknir að hinsegin fólk búi við lakari andlega og líkamlega heilsu en aðrir íbúar Norðurlanda. Líf þeirra kynslóða hinsegin fólks sem eru í yngri kantinum mótast einnig í stórum mæli af því að kynhneigð eða kynvitund þeirra falli utan við hinn venjulega gagnkynhneigða ramma. Þetta veltur meðal annars á þeirri streitu sem að hinsegin fólk þar að lifa við í daglegu lífi, svokölluðu minnihlutaálagi (e. minority stress). Hér er meðal annars verið að tala um áreiti eða hættu á áreiti, jaðarsetningu og ofbeldi. Þá leiðir það til verri heilsu að mæta fordómum og mismunun dagsdaglega, að endrum og sinnum þurfa að fela persónueinkenni sín í samfélagi þar sem að hræðsla og

fordómar gegn hinsegin fólki virðist á stundum inngróin.

Á árinu aðstoðuðu Samtökin '78 Anna Daniela Alattinoglu við gerð rannsóknarverkefnis er fjallar um Intersex fólk og réttindi þeirra á Norðurlöndunum. Anna Daniela ferðaðist svo til Íslands og kynnti verkefnið en hún er nýdóktor við lagadeild HÍ. Hélt hún tvö erindi, annað við lagadeild HÍ: Barátta fyrir réttindum intersex fólks á Íslandi: Mannréttindi sem lögfræðileg úrræði og annað hjá RIKK undir sömu yfirskrift. Anna Daniela er tilbúin til að veita leiðsögn er varðar næstu skref og mun hún ferðast aftur til Íslands með vorinu.

## VERKEFNI MEÐ RÚMENÍU

Á starfsárinu hófst samvinna Samtakanna '78 og rúmensku samtakanna MozaiQ styrkt af Active Citizen Fund EES sem nefnist Campus Pride. Bergrún Höllu Andradóttir starfsmaður skrifstofu sinnti báðum verkefnum og fór til Rúmeníu fyrir hönd Samtakanna í september 2021.

Campus Pride er í þremur fösom og tveimur þeirra er nú lokið. Þriðji hluti fer fram á starfsárinu 2022-2023. Fyrsti hluti þess var að senda Advocacy Expert þar sem starfsmaður Samtakanna '78 gekk í teymi þjálfara í sumarskóla með 12 stúdentum á háskólastigi í Braşov í Rúmeníu frá 5.-9. september 2021. Samtökin MozaiQ frá Búkaresht voru með yfirsjón en nemendurnir voru frá þremur háskólum í borgunum Bucharest, Cluj og Timişoara. Starfsmaður hélt fyrirlestur um stofnun og starfsemi Samtakanna '78 og sögu baráttunnar á Íslandi. Starfsmaður sá einnig um smiðju þar sem þátttakendur unnu að stefnumótun varðandi öryggi og aðstæður hinsegin nemenda. Stefnan snerist um stuðning viðeigandi stofnunar við hinsegin stúdenta hvað varðar aðgengismál, svosem salerni, húsnæði og íþróttaiðkun, orðræðu og innlimun hinsegin fólks í félagslíf stúdenta sem og að hinsegin nemenda væri getið í jafnréttisstefnu háskólans.

Good Practices Expert verkefnið fól í sér að taka saman hvernig háskólar á Íslandi og í tveimur öðrum löndum Evrópu halda utan um hinsegin nemendur, þau lönd voru Búlgaría og Pólland. Fyrirspurn var send á alla háskóla á Íslandi og spurt var „Notast háskólar á Íslandi við mælitæki eða kannanir til þess að vakta hversu hinsegin vænt háskólasamfélagið er, og/eða hvort og þá hvernig háskólinn komi til móts við hinsegin nemendur og starfsfólk sitt?“ Í kjölfarið var unnin skýrsla um íslenska háskóla og þeirra jafnréttisstefnu. Þeir háskólar sem svöruðu fyrirspurnum voru Háskóli Akureyrar, Háskólinn á Bifröst, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík. Skýrslu var skilað í byrjun október til MozaiQ.

## VERKEFNI MEÐ PÓLLANDI

Samtökin '78 hafa undanfarið kynnt starfsemi sína í fundaröð hjá Program Aktywne Obywatele - Fundusz Regionalny með það að markmiði að félög í Póllandi vita að hverju þau ganga þegar þau sækja um samstarfsverkefni í gegnum EEA. Til þess að fá styrk þaðan þá þarf félag frá Noregi, Liechtenstein eða Íslandi að vera samstarfsaðili. Samtökin '78 eru nú þegar samstarfsaðili með Fundacja Równość sem nú sækja um styrk en þau eru komin í aðra umferð í umsóknarferli sínu. Það verður áhugavert að sjá hvernig þau mál þróast hjá pólsku samtökunum og hvort þau fái styrk til að hleypa verkefni sínu á stökk.



# RÁÐGJAFAPJÓNUSTA OG LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

## VERKEFNI MEÐ KRÓATÍU

Líkt og með pólsku samtökin þá eru króatísk samtök einnig að sækja um hjá EEA. Samtökin heita Queer Zagreb Festival og eru þau, líkt og pólsku samtökin, komin í aðra umferð.

## FORDÆMING Á LAGASETNINGU Í UNGVERJALANDI

Þann 16. Júní sendi stjórn Samtakanna '78 frá sér yfirlýsingu þar sem ný lagasetning í Ungverjalandi var fordæmd þar sem hún í raun bannaði allan sýnileika hinsegin fólks þar í landi. Íslensk stjórnvöld voru hvött til að gera slíkt hið sama.

## ÁSKORUN UM AÐ TAKA Á MÓTI HINSEGIN FLÓTTAFÓLKI FRÁ AFGANISTAN

Þann 17. ágúst sendi stjórn Samtakanna '78 út áskorun til stjórnvalda að taka á móti hinsegin flóttafólki frá Afganistan vegna yfirtöku Talibana þar í landi.

## RÁÐGJÖF

### ALMENNT UM RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNA

Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að fá viðtalstíma bæði í gegnum síma og í eigin persónu, fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hægt er að panta ráðgjöf í gegnum heimasíðu Samtakanna '78 eða með því að senda skrifstofu tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergi í húsnæði Samtakanna '78 eða á einkastofum sínum. Skjólstæðingum stendur til boða ráðgjöf án endurgjalds í þrjú skipti, en að þeim tímum loknum gefst fólki kostur á að mæta í viðtöl gegn greiðslu. Undanþágur frá greiðslum eru gerðar í einhverjum tilfellum t.d. ef um flóttamenn og hælisleitendur er að ræða. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við, sem og ef fólk leitar eftir því.






### MARKMIÐ MEÐ RÁÐGJÖFINNI

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp og auka lífsgæði hans. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsfólki jafnt sem öðrum. Nær allir sem leita til ráðgjafa samtakanna eiga það sameiginlegt að vera hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flestir eru að takast á við mál sem tengjast kynhneigð eða kynvitund á einhvern hátt. Margir eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins hefur það færst í aukana að fagaðilar og stofnanir leiti til ráðgjafanna um ráð og upplýsingar.

### RÁÐGJAFATEYMI


Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa sérhæft sig í hinsegin málefnum. Þeir eru því vel í stakk búnir til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og/eða kyneinkenna einstaklinga.






## ÁSTÆÐUR KOMU

### Hinseginleiki (33,2%)




### Sambands- og/eða fjölskyldumál (18,7%)



### Geðræn og/eða sálræn mál (51,1%)




### Félagstengd mál (24,2%)




### Kynferðismál (3,3%)




### Fíknivandi (2,7%)




HVERN HEFUR ÞÚ TALAÐ VIÐ VEGNA VANDANS?



HVERSU MIKIL ÁHRIF HEFUR VANDINN Á PITT DAGLEGA LÍF?



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ FYRIR EINHVERJU AF EFTIRFARANDI?



## TEYMIÐ ER SKIPað EFTIRFARANDI EINSTAKLINGUM:

Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)  
 Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (frá vori 2009)  
 Todd Kulczyk, fjölskyldu- og leiklistarmeðferðarfræðingur (frá janúar 2017)  
 Guðrún Häslar, sálfræðingur (frá ágúst 2018)  
 Ragnar Skúlason, félagsráðgjafi (frá september 2018)  
 Wieslaw Kaminski, meðferðarfræðingur (frá janúar 2020)  
 Helga Baldvinsdóttir og Bjargardóttir, lögfræðingur (frá maí 2019)  
 Sigurður Ýmir Sigurjónsson, hjúkrunarfræðingur (frá ágúst 2020)  
 Ástrós Erla Benediktsdóttir, félagsráðgjafi (frá vori 2020)

Ráðgert er að fjölga í ráðgjafateyminu og á næstu vikum munu Samtökin '78 ræða við tvo einstaklinga sem hafa lýst yfir athygli á því að koma inn í ráðgjafateymið. Báðar eru þær sálfræðingar en önnur þeirra mun bjóða upp á ráðgjöf á spænsku og tékknesku, en hin á íslensku. Samtökin '78 eru ávallt að leita leiða til að tryggja gæði og þróun ráðgjafarinnar og stefnt er að því að ráða ráðgjafa í vinnu í stað þess að vera einungis með verktaka. Samtökin '78 vona að það geti orðið að veruleika á árinu 2022.

## ALMENNT UM NOTENDUR ÞJÓNUSTUNNAR

Mjög misjafnt er hver tilgangur fólks er sem leitar til ráðgjafanna. Sumir koma eingöngu vegna hinsegin mála hjá þeim sjálfum eða einhverjum nákomnum, á meðan aðrir leita til ráðgjafanna vegna annarra mála samhliða þeim, vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfinni. Fólki getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málaflokkum. Samtökunum '78 hafa borist fregnir frá félagsmönnum sem hafa leitað til ráðgjafa annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og jafnvel upplifað fordóma. Þetta getur m.a. birst í tilhneigingu meðferðaraðila til að taka ekki tillit til kynhneigðar, kyneinkenna og/eða kynvitundar. Einnig þekktist það að meðferðaraðili vilji alhæfa, tengja alla líðan við kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund og gera þessar breytur að aðalræðuefni þótt þær séu það ekki og fólk sé að leita sér ráðgjafar til að ræða allt önnur mál. Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að koma inn á öruggt svæði. Þar er kynhneigð, kyneinkennum og/eða kynvitund þeirra tekið sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við.

## TÖLFRÆÐI ÁRSINS

Umfang ráðgjafapjónustunar hefur aukist mikið á undanförunum árum. Árið 2016 fjölgaði viðmælendum upp í 181 og viðtölin voru 202. Árið 2017 var fjöldi viðmælenda 176 en viðtölum fjölgaði hins vegar í 334. Árið 2018 var fjöldi viðmælenda orðinn 211 og viðtölin 516. Árið 2019 var fjöldi viðmælenda 345 og viðtala 905. Árið 2020 var fjöldi viðmælenda orðinn 506 og fjöldi viðtala 1115. Aukningin er því 47% í fjölda viðmælenda og 23% í fjölda viðtala. Hver viðmælandi kemur að meðaltali tvisvar í ráðgjöf. Árið 2021 sóttu fleiri sér ráðgjafar hjá Samtökunum '78 en nokkru sinni fyrr eða 670 einstaklingar og viðtölin voru 1052. Þetta er umtalsverð aukning hjá þeim sem koma í ráðgjöf en viðtalstímarnir eru um það bil þeir sömu og árið á undan. Á COVID tímum voru fleiri sem komu einu sinni í ráðgjöf til Samtakanna '78 með einstaka mál heldur en við höfum séð áður og að meðtali sækja einstaklingar einn til tvo ráðgjafatíma. Þó verður að hafa í huga að aðstandendur

t.d. koma mögulega í einn ráðgjafatíma þegar einstaklingur sem leitar að alþjóðlegri vernd sækir sér ráðgjöf mánaðarlega yfir árið. Því er erfitt að festa fingur á það hve oft einstaklingar koma þar sem hópurinn sem sækir sér ráðgjöf er fjölbreyttari en nokkru sinni.

Vert er að taka fram að að tölurnar taka ekki með fjölda þeirra sem sækja stuðningshópa Samtakanna '78, sem eru sex talsins og haldnir mánaðarlega hver. eru þeir vel sóttir og um 30-50 manns sem nýta sér þá þjónustu í hverju mánuði sem gerir um 360 til 600 á árinu 2021. Hópar fyrir trans ungmenni og aðstandendur hafa verið sérstaklega vel sóttir og greinilega mikil þörf á slíkum stuðningi.

## STUÐNINGSHÓPAR

Fimm stuðningshópar voru starfandi á starfsárinu. Sigríður Birna, ráðgjafi, leiddi fjóra stuðningshópa ætlaða trans fólki: trans ungmenni á aldrinum 13–17 ára, trans fólk 18 ára og eldri, aðstandendur trans barna og ungmenna og trans konur. Todd Kulczyk, ráðgjafi, leiddi stuðningshóp fyrir sam- og tvíkynhneigða karlmenn. Heimsfaraldur Covid-19 setti mark sitt á starfsárið og voru stuðningshópar oft rafrænir.

## LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Síðan í október 2015 hafa Samtökin '78 boðið upp á lögfræðiráðgjöf til félagsfólks. Í maí 2019 var Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir ráðin sem lögfræðiráðgjafi Samtakanna '78. Helga er sjálfstætt starfandi lögmaður og mannréttindaaktivisti ásamt því að sitja í e'á hefur setið í stjórnnum Kvenréttindafélags Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Solaris.

Aðstoð Helgu felst í að leiðbeina um þau lagalegu úrræði sem standa einstaklingi til boða að íslenskum rétti og innan stjórnsýslunnar. Þar með felst ráðgjöf hennar ekki í lögmannsstörfum fyrir einstaka félagsmenn heldur í ráðgjöf um fyrstu skref og aðstoð við að meta hvaða rétt fólk á. Einnig er ráðgjöf hennar að miklu leyti til annars starfsfólks, t.d. við gerð stefna og áætlana, sem og í einstaka málum.

## ÞRÓUN NÚVERANDI ÞJÓNUSTA OG UTANUMHALDS

Mikill metnaður og hugur er í ráðgjöfum Samtakanna og starfið í stöðugri þróun. Stuðningshópum hefur fjölgað og þörfin á slíkum stuðningi hefur virkilega sýnt sig t.d. í hópum fyrir trans ungmenni, en mæting þar hefur aukist síðustu misseri. Samtökin hafa reynt að bregðast við aukinni þörf með fjölgun ráðgjafa og stuðningshópa sem og að bæta við ráðgjöfum sem tala önnur tungumál en íslensku og ensku. Einnig er mikilvægt að ráða inn öfluga túlka og hafa Samtökin '78 verið afar heppin með túlka, sérstaklega sem túlka á frönsku, arabísku, spænsku og tékknesku. Komuskýrslurnar hafa sannað sitt gildi en ráðlegt er að uppfæra hluta þeirra og gera þær aðgengilegri en þær eru nú, þ.e. að þær mættu vera styttri og auðveldari yfirferðar.

## FRAMTÍÐ RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNNAR

Framtíðarsýn ráðgjafapjónustunnar er að á árinu 2022 verði haldið áfram að gera ráðgjöfina sýnilega og koma til móts við alla þá hópa sem þurfa á henni að halda. Mikilvægt er að fjölga ráðgjöfum eins og þarf og viðurkenna á sama tíma að ráðgjafar eru ekki eins. T.d. eru sumir ráðgjafar sem eru í hverri viku með fjölda skjólstaðinga á meðan

aðrir ráðgjafar sinna mögulega einum til tveimur skjólstæðingum á ári. Hvoru tveggja er mikilvægt. Hugmynd er að skipta ráðgjöfum í tvennt og þá gætu nokkrir verið fastir ráðgjafar og aðrir sértækir. Þetta verður mótað betur á starfsárinu. Einnig, eins og segir áður í þessari skýrslu, er mikilvægt að ráða inn ráðgjafa í fullt starf sem getur þá verið teymisstjóri ráðgjafanna, uppfært starfið og greint þörfina betur. Þetta vonandi verður að veruleika á árinu 2022.

Loksins standa Samtökin '78 ágætlega fjárhagslega og mikilvægt að efla endurmenntun ráðgjafa, senda þá út á námskeið eða ráðstefnur sem og að flytja mögulega inn þekkingu til Íslands. Ráðgjafar Samtakanna '78 eru meðal helstu hinseginsérfræðinga landsins og hafa þekkingu sem er vandfundin annars staðar. Samtökin verða að átta sig á mikilvægi þeirra og gera allt til þess að starfsumhverfi þeirra sé sem allra best og að þau geti þróast enn frekar í starfi. Ráðgjafar hafa mikinn áhuga á því að sækja sér endurmenntun t.d. í formi ráðstefna og námskeiða erlendis og einnig er mikilvægt að efla handleiðslu á meðal ráðgjafa þar sem mál hafa þyngst og álagið aukist.

## FRÆÐSLA

### ALMENNT UM FRÆÐSLUNA

Nauðsynlegur og mikilvægur hluti af starfi Samtakanna '78 er fræðslustarf. Fræðslan styður að upplýstri umræði og þekkingu á málefnum hinsegin fólks. Algengasta formið á því er fræðsla í skólum á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Fagþekking þeirra sem starfa með börnum og ungmennum er mikilvægur hlekkur í að styðja við öruggi og heilbrigði unga hinsegin fólksins okkar. Á árinu hefur aukist eftirspurn eftir fræðslum hjá fyrirtækjum og stofnunum fyrir starfsfólk sitt sem gefur til kynna aukna meðvitund í samfélaginu okkar um stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði.

Tóttla I. Sæmundsdóttir var starfandi fræðslustýra annað árið í röð. Þegar Covid skall á árið 2020 voru jafningjafræðar Samtakanna '78 leystir upp tímabundið. Eftir því sem eftirspurn eftir fræðslum hefur aukist hefur verið ákveðið að taka inn verktaka með fagþekkingu til að anna eftirspurn. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og ánægja hefur verið með störf þeirra.

Tilgangurinn fræðslustarfsins er að ná til þeirra sem á einhvern hátt tilheyra hinsegin heiminum, kynna þau fyrir þjónustu og félagsskap sem þeim býðst. Stuðla að upplýstri umræðu og og þar með að opnara og réttlátara samfélagi fyrir okkur öll sem gerir ráð fyrir hvers kyns fjölbreytileika. Það er ekki síður mikilvægt fyrir þá sem standa utan hinsegin samfélagsins að opna hugann og læra að mannflóran er fjölbreytt. Í lok hvernar fræðslu hefur verið gefið rými fyrir trúnaðarsamtöl og hafa unglingar og börn nýtt tækifærið til að spjalla

### NÝ NÁLGUN

Mikil þörf hefur verið á eftirfylgni með fræðslunni. Aukinn tími og orka hefur farið í samtöl við starfsfólk skólanna og foreldra. Fræðslustýra hefur einblínt á að aðstoð börn og skóla að búa til betra umhverfi fyrir börnin innan skólanna. Nemendur eru fjölbreytt fólk með ólíkar þarfir en eiga skilið virðingu og skilning. Þjónusta við nemendur á að vera mennsk og yfirleitt er auðvelt að koma til móts við þau með litlum breytingum á starfinu.

Grunnurinn er fræðsla hjá starfsfólki leikskóla, skóla og frístundasviðs. Mikilvægt er að

tryggja gott upplýsingaflæði hjá þeim sem eru í daglegri umgengni við börnin. Þekking á málefnum trans barna hefur verið brennidepli þetta árið. Yfirferð á rýmum skólanna, tryggja öryggi barnanna innan skólanna, skipulag, hegðun og framkoma starfsfólks gagnvart börnunum og viðbrögð þeirra við fordómum. Samtöl um fornöfn, breytt nöfn og skráningar.

## FRÆDSLUSAMNINGAR

Eins og kemur fram undir öðrum kafla hér í þessari ársskýrslu þá eru sex fræðslusamningar í gildi. Við Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, Grindavíkurbæ, Snæfellsbæ, Menntavísindasvið og Forsætisráðuneytið. Samningsviðræður eru í gangi í nokkrum sveitarfélögum og eru komnar vel á veg á Akureyri og í Árborg.

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Árið 2021 hélt fræðslustýra 295 erindi. Þar af voru flest í grunnskólum eða félagsmiðstöðvum í Reykjavík, alls 161 fræðslur í 32 skólum eða félagsmiðstöðvum. 30 fræðslur í 12 grunnskóla voru haldnar í Hafnarfirði samkvæmt þjónustusamningi.

Aðrir fræðarar Samtakanna héldu 55 fræðslur fyrir hönd Samtakanna og töluðu við skóla, heilbrigðisstarfsfólk, félagsþjónustuna og á opnum fræðsluviðburðum.

Gert er ráð fyrir að um það bil 11.000 einstaklingar hafi hlotið fræðslu frá Samtökunum '78 á árinu.

## NÝIR FRÆÐARAR

Ástrós Erla Benediktsdóttir hóf fræðslustörf í október. Ástrós þekkir hinsegin málefni vel enda starfandi sem ráðgjafi hjá Samtökunum. Það hefur verið mikilvægt að geta nýtt krafta hennar samþætt sérstaklega á landsbyggðinni þar sem erfiðara er að sækja í ráðgjöfina.

Mars Proppé byrjaði hjá okkur í nóvember. Hán hefur tekið að sér fjölda fræðslna með unga fólkinu, einblínt á skóla og frístund.

María Rut Kristinsdóttir hóf fræðslustörf fyrir Samtökin í október. Hún hefur sinnt hinsegin fræðslu lengi á eigin vegum undir merkjum Hinseginleikans.

Sólveig Rós fyrri fræðslustýra Samtakanna '78 hefur einbeitt sér að endurmenntun og fræðslum um ofbeldi.

## FRAMTÍÐ FRÆDSLUNNAR

Það eru ótal sóknarfæri í fræðslunni á næsta ári. Með auknum fjölda fræðara getum við látið fræðsluna vaxa náttúrulega og náð til mun stærri hóps. Jafnréttismál og stefnur eru í brennidepli hjá fyrirtækjum og við finnum fyrir auknum áhuga á samstarfi á atvinnumarkaðnum. Með leiðandi hóp þjálfaðs fagfólks getum við borið uppi jafnvel fleiri stöðugildi og haldið áfram vexti.

Þörf er á aðgengilegu fræðsluefni á netinu og þörf á að uppfæra fræðsluvefinn okkar Hinsegin frá Ö til A. Í samstarfi við kynningarstjórnann okkar eru ótal sóknarfæri á samfélagsmiðlunum okkar. Þegar við höfum nýtt samfélagsmiðlana til fræðslu fáum við gott áhorf og viðbrögð úr samfélaginu.

### ÞJÓNUSTA FYRIR UMSÆKJENDUR UM ALPJÓÐLEGA VERND

Líkt og undanfarin ár þjónusta Samtökin '78 hóp hinsegin fólks er leitar að alþjóðlegri vernd. Á hverjum tíma eru um átta til tíu einstaklingar í þjónustu. Þessi þjónusta hefur þróast mikið í takt við umfang hvers máls og Samtökin '78 hefur byggt upp einstaka reynslu þegar kemur að málaflökknum. Þjónusta Samtakanna '78 er þríþætt; fyrst ber að nefna ráðgjöf vegna áfalla sem tengjast hinseginleika, t.d. ofbeldi eða ofsóknir vegna þess. Í öðru lagi aðstoðum við hinsegin fólk í leit að alþjóðlegri vernd þegar kemur að máli þeirra gagnvart íslenska ríkinu, t.d. samskipti við lögmenn, Útlendingastofnun og fleira því tengdu. Að lokum veitum við fólkinu félagslegt bakland, sem þau þurfa nauðsynlega á að halda.

Í fyrsta skipti fengu Samtökin '78 eitthvað fjármagn til að sinna þessari mikilvægu þjónustu en félagsmálaráðherra styrkti málaflökkinn um þrjár milljónir króna. Svo virðist sem að hið opinbera sé loks að átta sig á hlutverki okkar í málaflökknum.

Hinsegin samfélagið er einstakt. Þegar hinsegin einstaklingur leitar til okkar þá munum við aðstoða, alveg sama hvað ber undir. Við neitum ekki hinsegin systkinum okkar sem eru í vanda, það einfaldlega kemur ekki til greina. Samtökin '78 er ekki ríkisstofnun heldur hjálpar þar sem neyðin er mest, og ef fólk treystir okkur (og aðeins okkur) þá munum við vera til staðar.

### NEYÐARÁÐSTOÐ

Í fyrsta skipti er nýr liður inni á ársreikningi Samtakanna '78 fyrir árið 2021. Þetta er neyðarástoð og þá sérstaklega til hinsegin umsækjendur er leita að alþjóðlegri vernd. Vegna bágborina aðstæðna þá hafa Samtökin hlaupið undir bagga hjá nokkrum einstaklingum með húsaleigu, leigu á hosteli, samgöngustyrki og lyfjakaup. Þetta er vissulega ekki óskastaða en Samtökin vilja hjálpa eins og þau geta.

## LÝÐHEILSA

### BLÓÐGJAFIR MSM

Samtökin '78 hafa undanfarin fimm ár sett blóðgjafir MSM sérstaklega á oddinn. Gífurlegur tími hefur farið í það að ná eyrum ráðafólks, sóttvarnalæknis, embætti Landlæknis, nefndar um faglega þjónustu í blóðbankaþjónustu, landspítala og Blóðbankann sjálfan vissulega. Loksins bar vinnan einhvern árangur en í september lagði þáverandi heilbrigðisráðherra fram breytingatillögu um reglugerð um söfnun, meðferð, varðveislu og dreifingu blóðs og viðauka IV

Stærsta breytingin sem drögin innibera er sú að blóðgjöfum sé ekki mismunað á grundvelli ómálefnalegra sjónarmiða, s.s. kyns, kynhneigðar, uppruna eða stöðu að öðru leyti. Með öðrum orðum, að hið forneskjulega bann sem í gildi er, þ.e. að karlmenn sem hafa stundað mök með öðrum karlmanni, verði aflétt og að frekar verði litið til annarra þátta, svo sem áhættusamt kynlíf en ekki einungis kynlíf ákveðinna hópa. Breytingin er gríðarlega mikil réttarbót og í raun sáraeinföld, en þarna hefur ráðherra tekið stórt skref til að afnema þá brennimerkingu sem hommar, og aðrir karlmenn sem stunda kynlíf með öðrum körlum, hafa að allt þeirra kynlíf sé á einhvern hátt skítugt og þar með talið blóð þeirra.

Núverandi heilbrigðisráðherra hefur sagt á Alþingi þegar hann svaraði fyrirspurn



Andrésar Inga Jónssonar, að breytingartillagan myndi líta dagsins ljós í apríl 2022. Það er vitaskuld fagnaðarefni en Samtökin munu áfram vinna ötullega að málinu þar til það er í höfn.

### OFBELDI OG ÁREITNI

Það er Samtökunum '78 mikilvægt að vera til staðar fyrir fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi eða áreiti. Hægt er að tilkynna slíkt til Samtakanna '78 í gegnum vefinn okkar. Við mælum með því að fólk leiti sér ráðgjafar í slíkum tilvikum þrátt fyrir að langt hafi liðið frá viðburði. Samtökin '78 halda svo utan um tilkynningarnar í þeim tilgangi að hafa gögn á reiðum höndum því við vitum að hinsegin fólki reynist torvelt að tilkynna slík ofbeldisverk til lögreglu. Á starfsárinu 2021 unnu Samtökin í þremur einstaka málum sem hefðu getað farið fyrir dómstóla. Eitt málanna endaði fyrir dómstólum, eitt felld niður og þriðja er enn í rannsókn lögreglu.

### FRÍAR KYNLÍFS-OG TÚRVÖRUR

Frá síðasta starfsári hafa Samtökin '78 boðið upp á fría smokka í samstarfi við Durex (Distica) í húsnæði sínu. Ásamt því að bjóða upp á fríar túrvörur og afslátt af mánabikarnum. Vörunum er ætlað að stuðla að bættu kynheilbrigði hinsegin fólks sem til Samtakanna leita.

## VIÐBURÐIR OG MENNING

### ÁHRIF COVID Á MENNINGAR- OG VIÐBURÐASTARFSEMI

Það kemur vafalaust engum á óvart að menningar- og viðburðastarfsemi hefur beðið mestu hnekki vegna samkomutakmarkana vegna COVID-19. Þrátt fyrir takmarkanir hafa Samtökin '78 þó boðið upp á fjölbreytt starf, en það þá í gegnum bein streymi og á netinu.

### STARFSEMI Í REGNBOGASAL

Starfsemi í Regnbogasal lá að mestu leyti niðri fyrri hluta starfsársins vegna framkvæmda á húsnæði. Virk starfsemi í húsnæðinu voru stuðningshópar þegar samkomutakmarkanir leyfðu og einstaka minni fundir á vegum stjórnar eða framkvæmdastjóra.

Hægt og rólega hefur færst aukið líf í salinn, sérstaklega með slakandi samkomutakmörkunum og loks afnámi þeirra í lok febrúar. Starfsfólk hefur unnið að því að fegra og bæta Regnbogasal frá því að flutt var aftur inn í húsnæðið í byrjun október. Mestu munar þar um aukið starfshlutfall inn á skrifstofu um áramót og endurkomu starfs skrifstofustýris sem ber ábyrgð á skrifstofurýminu. Nýjar muðlar hafa bæst við og mikill vilji er að halda áfram að gera rýmið notalegt þar má til dæmis nefna að farið var með ljósmyndir í innrömmun sem nú prýða veggina og skapa tengingu við sögu samtakanna.

Von er á nokkrum litlum borðu sem saman mynda stórt fundarborð en þeim verður einnig hægt að dreifa um salinn og auka þannig fjölbreyttari notkun á rýminu.

Samtökin hafa á síðustu mánuðum haldið barsvör og briddsnámskeið sem voru vel sótt og reynst góður vettvangur til að laða að fólk að mæta í fyrsta skipti, eða fyrsta skipti í

langan tíma.

Önnur námskeið hafa verið haldin í salnum, til að mynda skyndihjálparnámskeið fyrir sjálfboðaliða og innpökkunarnámskeið fyrir jólin. Bókaklúbburinn hittist aftur og sér fram bjarta tíð og bók í haga með mánaðarlegum hittingum. Vera - félag hinsegin kvenna og kvára hefur hist annan hvern sunnudag (þegar takmarkanir leyfðu) á móti HinUng, félagsskap 18-25 ára hinsegin ungmenna. Q-félagið hefur haldið vísindaferðir og frætt háskólanema um hinsegin málefni, fjölskylduhittingar vöknudu úr dvala, Trans Ísland hélt upp á minnigardag trans fólks og svo mætti áfram upp telja.

### JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR FÆR HEIÐURSMERKI

Þann 27. júní 2021 var Jóhanna Sigurðardóttir sæmd heiðursmerki Samtakanna '78 fyrir baráttu sína í þágu réttinda hinsegin fólks. Jóhanna var fyrsta opinberlega samkynhneigða manneskja í heiminum sem var forsætisráðherra og eitt fyrsta verk hennar í embætti var breyting á hjónabandslöggjöfinni, sem samþykkt var árið 2010. Sýnileiki hennar var einstakur á sínum tíma. Viðburðurinn var smár en notalegur en hann var haldinn á Port 9 við Veghúsastíg. Þorbjörg Þorvaldsdóttir formaður hélt tölu og tónlistarkonan Lay Low spilaði nokkur lög.

### EINAR ÞÓR JÓNSSON FÆR HEIÐURSMERKI

Stjórn Samtakanna '78 ákvað að sæma Einar Þór Jónsson heiðursmerki félagsins fyrir baráttu hans í þágu réttinda hinsegin fólks. Einar Þór hefur staðið í stafni baráttunnar við HIV og alnæmi frá því á 9. áratugnum og var fyrsti HIV-jákvæði einstaklingurinn til þess að koma fram undir nafni á Íslandi. Viðburðurinn fór fram á Landsþingi Hinsegin fólks þann 5. mars 2022 í Iðnó.

### LANDSPING HINSEGIN FÓLKS

Landsþing hinsegin fólks fór fram helgina 4.-6. mars. Dagskráin hófst formlega á móttöku í Suðurgötu og fékk virðulega heimsókn frá frú Elizu Reid. Þorbjörg Þorvaldsdóttir fráfarandi formaður hélt tölu og gestir skáluðu. Á laugardeginum 5. mars fór fram vegleg dagskrá á nokkrum stöðum samtímis. Í Sunnu- og Hátíðarsal í Iðnó, Tjarnarsal í Ráðhúsi Reykjavíkur og á Suðurgötu 3 í húsnaði Samtakanna '78. Morguninn hófst á dansi og jóga og eftir hádegisverð í Iðnó hófst barna- og unglíngadagskrá í Ráðhúsinu og á Suðurgötu. Í Iðnó var málþing með samtals 10 fyrirlesturum og umræðuefnið mörð og mjög fjölbreytt. Til að mynda var biðlisti transteymis Landspítala ræddur, spjallað var um deitmenningu samkynhneigðra karla, kynhneigðarbundinn launamunur ræddur með stéttarfélaginu BHM og einnig var í boði kynfræðsla. Loks var Einar Þór Jónsson sæmdur heiðursmerki fyrir sín störf fyrir HIV Ísland.

Að kvöldi 5. mars var loks stórdansleikur í Hátíðarsal Iðnó þar sem fram komu búrlesk, drag og kabaret atriði og spilaði Hljómsveit Unu Stef fyrir dansi. Eftir miðnætti tók við kabarett sýning og loks spilaði plötusnúður fram á rauða nótt.

### HINUNG

Það er Samtökunum mikilvægt að bjóða upp á fjölbreytt starf fyrir alla aldurshópa. HinUng, sem er vettvangur fyrir 18-25 ára, hafa haldið uppi frábæru starfi þrátt fyrir

COVID-19. Hópurinn hittist í Suðurgötu, jafnan á sunnudagskvöldum. Við hvetjum allt fólk á þessum aldri að fylgjast með HinUng á samfélagsmiðlum.

### HINSEGIN KAUPFÉLAGIÐ

hinseginkaupfelagid.is hefur tekið miklum breytingum á starfsárinu en því miður hefur ekki fundist tími eða mannskapur til að gera vefverslunina eins góða og við viljum. Kaupfélagið sinnir því hlutverki að selja allskonar varning til styrktar Samtökunum '78 og Hinsegin dögum. Á næstunni er á áætlun að breyta rekstrarfyrirkomulagi kaupfélagsins og stofna sameignarfélög utan um reksturinn. Þá er hinsegin kaupfélagið orðið sjálfstæðara og öflugra.

Draumurinn er að hinsegin kaupfélagið verði sjálfstæð rekstrareining sem mun styrkja Samtökin '78 og Hinsegin daga ríkulega. Einnig að vera vettvangur fyrir miðasölu fyrir hinsegin félög og að hinsegin fólk sem er að búa til list eða muni geti selt sitt inni í kaupfélaginu.

### SAMTÖKIN '78 Á HINSEGIN DÖGUM

Þrátt fyrir takmarkanir voru Hinsegin dagar þetta starfsárið gleðilegir og Samtökin tóku þátt í dagskránni að vanda. Í upphafi hátíðar tók formaður upp málningarpensil og málaði Ingólfsstræti í Progress Pride fánalitunum. Einnig ber að nefna fræðslu Tóttlu fræðslustýru í húsi Máls og menningar á Laugavegi. Fræðslan var öllum opin og nefndist Hinsegin 101 fyrir hinsegin fólk og var mjög vel sótt. Líkt og í öðrum fræðslum Tóttlu var megininntakið káin fjögur: kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáning, en miðlað til samfélagsins, þar sem orðfæri og þekking hefur þróast hratt. Hefðbundin Hinsegin 101 fræðsla var svo haldin á Bókasafni Hafnarfjarðar, opin öllum en miðaðist að aðstandendum og forvitnum. Í lokin var rými fyrir spurningar og mynduðust líflegar umræður. Samtökin voru nokkuð sýnileg alla helgina, meðal annars með götukynnum. Þá var líka veglegur sjónvarpsþáttur á RÚV að kvöldi 6. ágúst.

### SAMSTARF VIÐ LANDSBANKA UM AÐ SAFNA REGNBOGAVINUM

Á starfsárinu styrkti Landsbankinn Samtökin '78 til að framleiða kynningarefni fyrir Regnbogavini. Markmiðið með kynningarátakinu var að safna fleiri Regnbogavinum, Samtökunum '78 til heilla. JL-Aton sá um framleiðslu efnisins, sem var að fullu kostað af Landsbankanum. Einnig borgaði Landsbankinn fyrir birtingar á netborðum sem og á strætóskýlum.

Við þökkum Elínborgu V. Kvaran hjá Landsbankanum innilega fyrir gott samstarf.

### LANDSBANKI SELUR MYNDIR EFTIR ÞRJÁ LISTAMENN

Í samstarfi við Samtökin '78 og Landsbankann hefur listafólkið Anna Maggú Grímsdóttir, Ásgeir Skúlason og Helga Páley Friðþjófsdóttir, unnið þrjú prentverk tileinkuð Hinsegin dögum. Allur ágóði af sölu verkanna rann til Samtakanna '78. Hægt er að kaupa verkin á postprent.is. Listaverkin:

#### ANNA MAGGÝ GRÍMSDÓTTIR – „SPECTRUM 2021“

„Það kom eiginlega fátt annað til greina en að vinna með litina í Regnbogafánanum. Það er svo táknrænt og þýðingarmikið.“

#### ÁSGEIR SKÚLASON - „ÁN TITILS 2021“

„Á jaðrinum á verkunum sérðu fánann eins og þú þekkir hann en síðan blandast allir litirnir saman í miðjunni og það verður hálfgerð svona litasprenging eða orgía eða eitthvað sem á sér stað þar.“

#### HELGA PÁLEY – „VELKOMIN/NN/Ð 2021“

„Kveikjan að verkinu mínu var þessi skór sem Páll Óskar var með á vagninum sínum einu sinni. Mér fannst það bara eitthvað svo fallegt form. Það endaði í svólítið svona abstrakt formi. Ég vildi svo bæta karakterum þar ofan á og líka reyna að hafa það fjölbreytt. Af því að það er ekki eins og þú sjáir eitthvað hver er hinsegin af því að þetta er bara fólk.“

Er Landsbankanum þakkað fyrir afar gott samstarf.

### 100 ÁSTÆÐUR TIL AÐ STYÐJA HINSEGIN UNGMENN

Skapaðir voru 100 handgerðir vasar í samstarfi við leirlistakonuna Birgitte Munck. Birgitte hefur mikla reynslu af hinsegin félagsstarfi en hún er fyrrum formaður LGBT Danmark, systursamtaka okkar í Danmörku. Eftir að hafa kynnt sér starfseminu okkar ákvað Birgitte að hún vildi styrkja ungmennastarf Samtakanna, og þá helst með það að markimiði að gera ungmennum víðar af en á höfuðborgarsvæðinu kleift að taka þátt.

Vasarnir eitthundrað táknuðu ungmennin sem eru einstök hvert og eitt og búa innra með sér yfir fegurð sem springur út við réttar aðstæður, rétt eins og blóm í blómavasa. Yfirskrift verkefnisins er að 100 ástæður séu til að styrkja hinsegin ungmenni (#100ástæður), og er meiningin þar á bak við að hver kaupandi vasa hefur sínar eigin ástæður hvers vegna hán vill styðja við hinsegin ungmennastarf.

Verkefninu var ýtt úr vör á Hinsegin dögum þegar haldin var sölusýning í hönnunarversluninni MIKADO að Hverfisgötu 50. Þar hélt Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna '78, ræðu þar sem hún talaði um mikilvægi félagstarfs fyrir hinsegin ungmenni, boðið var upp á léttar veitingar og fjöldi vasa voru seldir. Aftur var svo tekið við að selja þá í aðdraganda jólanna og eru nú síðustu vasarnir til sölu á vef Hinsegin kaupfélagsins..

### HÝR TÁKN

Samtökin '78 og málnefnd um íslenskt tákn má stóðu saman að Hýrum táknum, nýyrðasamkeppni á táknmáli. Leitað var að táknum fyrir fjögur hinsegin orð: eikynhneigð, kynsegin, kvár og stálp. Orðin eiga það sameiginlegt að hafa orðið til í Hýrgröðum, nýyrðasamkeppni á íslensku raddmáli sem Samtökin '78 héldu áður.

Það er mjög ánægjulegt að hafa átt slíkt samstarf og von er um að geta haldið því áfram.

Dómnefnd kom saman 11. febrúar, á degi íslensk tákna máls, til að velja sigurtillögurnar. Fjöldi innsendinga fór fram úr björtustu vonum og hafði dómnefnd úr nógu að velja.

- Mordekaí Elí Esrason átti tvær af sigurtillögum, fyrir orðin eikynhneigð og stálp.
- Sigurtillögu fyrir kynsegin átti Kristín Lena Þorvaldsdóttir og nýtt tákn fyrir orðið kvár skapaði Anna Guðlaug Gunnarsdóttir.

Það er von samtakanna að nýju táknið auðveldi fólki að tjá sig um hinseginleika, hvort

sem það er heyrandi eða döff. Með þessu vilja samtökin einnig sýna í verki að þar eru öll velkomin, óháð líkamlegri getu og að hinsegin fólk sé alls konar. Það er samtökunum mikilvægt að vera í góðu samstarfi við önnur samtök jaðarsettra hópa og að reyna eftir fremsta megni að hafa sjónarmið inngildingar að leiðarljósi í störfum sínum.

### AUÐUR VEGGUR, LISTAVERK ÓSKAST

Þann 27. janúar síðastliðinn var auglúst eftir listaverki sem prýða myndi vegg í Regnbogasal. Ákveðið var út frá innsendum tillögum að ganga til samstarfs við myndasögulistamanninn Elísabetu Rún. Við sköpun verksins leitaði Elísabet til félagsfólks og vildi fá að vita hvaða orð og tilfinningar þau tengdu við Regnbogasalinn og Samtökin '78. Verkið sýnir tíu persónur sem segja orðin tíu sem komu út úr leitinni. Þær hafa allar nokkuð óræða kyntjáningu og eru einnig nokkuð óræðar þegar kemur aldri og kyntjáningu. Persónurnar eru þannig einhvers konar óræð birtingarmynd fólksins sem saman myndar Samtökin '78. Verkið er mjög einfalt í litavali, inniheldur aðeins litina svartan, hvítan og ljósgrábláan og kallast því skemmtilega á við regnbogafánana sem finna má í ýmsum stærðum í rýminu.

Verkið verður sett upp á næstu dögum og verður því komið upp fyrir aðalfund. Þegar samkeppnin var auglúst var tekið fram að verkið myndi prýða vegginn í takmarkaðan tíma. Ef til vill getur út frá því skapast skemmtileg hefð þar sem á hverju ári er valið nýtt verk sem lítur dagsins ljós á hápunkti starfsársins, aðalfundarhelginni. Verkið myndi þannig kinka kolla til Gallerís Samtakanna '78 sem um nokkurra ára skeið hélt úti listsýningum hinsegin listafólks í Regnbogasalnum en hefur verið lagt niður í núverandi mynd í takt við breytta nýtingu rýmisins.

Niðurstöðurnar munu Samtökin '78 draga saman í skýrslu sem send verður til stofnana og ráðamanna málaflokksins.

## RÉTTINDABARÁTTA OG LÖGGJÖF

### ALMENNT UM RÉTTINDABARÁTTUNA Á ÍSLANDI

Þótt íslenskt samfélag sé komið langt á veg hvað varðar réttindi hinsegin fólks er enn töluvert í land þar til fullum jöfnuði er náð. Þá verður að muna að lagalegt jafnrétti er eitt, en viðhorf og lífsgæði annað. Þessi atriði haldast ekki alltaf í hendur og víða um heim býr fólk við neikvæð viðhorf, andúð, misrétti og ofbeldi þótt lagaleg staða sé bærileg. Annars staðar er þessu mögulega öfugt farið og sumsstaðar eru allir þessir þættir í ólestri. Gott og hinseginvænt laga- og regluverk þarf að vera til staðar en það eitt og sér tryggir ekki endilega að fólk sé ekki mismunað. Drjúgur hluti af starfsemi Samtakanna '78 snýst einmitt um að berjast fyrir réttindum hinsegin fólks gagnvart lögum og framkvæmd þeirra.

Á síðasta ári, ári eftir kynrænt sjálfræði þá hefur mikill tími farið í að þrýsta á breytingar tengdum lögum um kynrænt sjálfræði. Þetta eru t.d. reglugerð um hollustuhætti, lög um sjúkratryggingar og vinnuverndarreglugerð. Breytingin frá árinu 2019-2020 og núverandi starfsárs er að þrýstingur er meira á reglugerðir en lagabreytingar eða þingsályktunartillögur, sem er eðlilegt sérstaklega miðað við stærð og umfang laga um kynrænt sjálfræði.

## REGNBOGAVIKA

Ákveðið var að blása til Regnbogaviku 17. - 21. maí þar sem fólk var hvatt til að flagga regnbogafánanum og sýna þannig í verki stuðning sinn við réttindi hinsegin fólks. Upphafsdagur vikunnar var alþjóðlegur dagur gegn hinsegin fordómum (IDAHOBIT) sem einnig er árlegur útgáfudagur Regnbogakortsins. Vikan náði hámarki sínu 20. Maí þegar mótmælt var við komu Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, til fundar Norðurskautsráðsins. Hópur tæplega 20 mótmælenda komu saman árla dags við tímabundið húsnæði við Veghúsastíg, fengu sér kaffi og gengu svo í vopnuð regnbogafánunum niður að Hörpu. Með í för var einnig sérprentaður renningur þar sem lýst var yfir stuðningi við hinsegin systkini vor í Rússlandi á rússnesku. Hópurinn sér í blíðskaparveðri við girðingar sem girtu af svæðið við Hörpu. Hópurinn naut góðs atlætis lögreglufólks og undi sér vel sól og stillu og meðan beðið var færís að öskra úr sér lungun þegar bílalest utanríkisráðherra bæri að garði.

Allt í allt var vikan ákaflega vel heppnuð. Instagram-innlegg þar sem vikan var fyrst kynnt og fólk hvatt til þátttöku fékk tæplega sjö hundruð læk og mikla dreifingu í hringrásinni. Næst flest læk á árinu fengu myndir af mótmælunum þar sem sjá mátti hópinn með renninginn útstrengdan innan um skjaldborg regnbogafána.

## AÐDRAGANDI KOSNINGA - HINSEGINKVARÐINN

Samtökin '78 ákváðu að greina stefnuskrár og kosningaloforð allra stjórn mála flokka sem buðu fram í Alþingiskosningum 2021. Haldinn var viðburðurinn Hinsegin Alþingi 2021 þar sem við kynntar voru niðurstöður Hinseginkvarðans og fulltrúar frá öllum stjórn mála flokkum var boðið í pallborð. Hinseginkvarðinn er úttekt okkar á stefnu flokkanna þegar kemur að hinsegin málum samsettur af lista með 24 atriðum sem metin eru í forgangi í réttindabaráttu okkar þessi misserin. Kannað var hvort þessi baráttumál væri að finna í opinberri stefnu flokkanna og þeim gefin einkunn í samræmi við það. Yfirferðin var í höndum stjórnar og allir flokkar fengu færi á að fara yfir einkunnagjöf sína áður en niðurstaðan var kynnt opinberlega. Flokkarnir fengu þar að auki sjálfir að svara fimm spurningum og birtast svörin þeirra ásamt skori á Hinseginkvarðanum á sérstöku svæði heimasíðu okkar sem tileinkað er komandi Alþingiskosningunum þann 25. september, samtökin78.is/x21.

Flokkarnir komu misjafnlega út úr þessari úttekt og skoruðu frá 0 og upp í 77%. Niðurstöðum flokkanna má skipta gróflega í tvo hópa. Í öðrum þeirra má finna flokka sem fjalla í stefnu sinni um hinsegin mál og sýna þannig skýran vilja til að bæta réttarstöðu hinsegin fólks. Þar eru Samfylking – jafnaðarmannaflokkur Íslands (77%), Píratar (73%), Vinstrihreyfingin – grænt framboð (70%), Viðreisn (68%) og Sósíalistaflokkur Íslands (55%). Í hinum hópnum má finna flokka sem hafa ekki sértæka stefnu í hinsegin málum og skora lágt. Þar má finna Miðflokkinn með 3% skor og síðan Flokk fólksins, Framsóknarflokkinn og Frjálslynda lýðræðisflokkinn með skor upp á 0%. Staðsettann á milli þessara tveggja hópa má finna Sjálfstæðisflokkinn með 23% atriða uppfyllt.

Ánægjulegt er að segja frá því að úttekt samtakanna og pallborð með frambjóðendum vöktu mikla athygli. Sjá mátti umræðu á öllum helstu samfélagsmiðlum þar sem vitnað var í úttekt samtakanna auk þess sem fjölmiðlar fjölluðu skilmerkilega um málið. Enn ánægjulegra er að segja frá því að metfjöldi hinsegin þingmanna var kjörinn en hinsegin fólk á nú fjóra opinberlega hinsegin fulltrúa á þingi sem er tvöföldun frá síðasta meti.

## BÆLINGARMEÐFERÐ



Hanna Katrín Friðriksson, þingkona, hefur að undanfögnu unnið að lagabreytingafrumvarpi er fjallar um bælingarmeðferðir. Í frumvarpinu er lagt til að nýrri grein verði bætt við XXIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, sem snýr að brotum gegn frjálssræði manna. Í ákvæðinu er gert refsivert að láta einstakling undirgangast svokallaða bælingarmeðferð með nauðung, blekkingum eða hótunum, að láta barn undirgangast slíka meðferð hér á landi eða erlendis sem og að framkvæma bælingarmeðferðir, hvetja til eða þiggja fé vegna þeirra. Því til viðbótar er lagt til að brot gegn 2. mgr. ákvæðisins verði færð undir 3. mgr. 5. gr. laganna, sem snýr að refsingum eftir íslenskum lögum fyrir brot sem framið erlendis, og 1. mgr. 82. gr., sem kveður á um að fyrningarfrestur brota gegn börnum teljist ekki fyrr en brotþoli nær 18 ára aldri.

Bælingarmeðferð (e. conversion therapy) kallast það þegar fólk er látið sæta meðferð til að bæla niður og breyta kynhneigð, kynvitund eða kyntjáningu þess. Slíkar meðferðir hafa víða verið framkvæmdar, bæði hérlendis sem erlendis, byggt á þeirri trú að unnt sé að „lækna“ náttúrulega kynhneigð eða kynvitund fólks. Í slíkum meðferðum er gjarnan samtali beitt til þess að tengja upplifun þolandans á kynhneigð, kynvitund eða kyntjáningu sinni við sársauka og skömm. Í grófari tilvikum hefur þolandinn einnig verið látinn undirgangast inngripsmeiri meðferðir á borð við rafstuðsmeðferð, dáleiðslu og jafnvel uppskurð á heila. Slíkar meðferðir eru ekki studdar af vísindum, þær eru siðferðilega rangar og geta haft verulega neikvæð óafturkræf áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks sem látið er undirgangast þær. Börn eru sérstaklega viðkvæm fyrir neikvæðum áhrifum bælingarmeðferða.

Bælingarmeðferðir hafa víða verið bannaðar með lögum að viðlagðri refsingu. Í Kanada, Sviss, Brasilíu, Ekvador, á Möltu og Indlandi eru þær bannaðar með öllu. Í ýmsum ríkjum Bandaríkjanna, Albaníu, Úrúgvæ, Argentínu og víðar er heilbrigðisstarfsfólki bannað að framkvæma eða taka þátt í bælingarmeðferðum. Í Þýskalandi er bælingarmeðferð á börnum bönnuð og jafnframt á fullorðnum ef nauðung, blekkingum eða þrýstingi hefur verið beitt. Í Noregi, Danmörku, Finnlandi, Bretlandi, Frakklandi, Nýja-Sjálandi, Ísrael og á Írlandi er nú til skoðunar að fylgja þessu fordæmi og leggja bann við þessum skaðlegu meðferðum.

Samtökin '78 vona innilega að frumvarpið fái brautargengi á Alþingi en þegar þetta er skrifað þá hefur málið ekki farið í fyrstu umræðum í þingsal.

## AÐGERÐARÁÆTLUN STJÓRNVALDA Í MÁLEFNUM HINSEGIN FÓLKS

Lögð hefur verið fram á Alþingi aðgerðaráætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks. Áætlunin er í 19 liðum og nær þvert yfir öll ráðuneyti. Samtökin '78 fagna þessari aðgerðaráætlun en eins og kemur fram í umsögn Samtakanna við aðgerðaráætlunina: "Þessi fyrsta framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks er mjög metnaðarfull miðað við það sem við höfum áður séð í íslensku samhengi og Samtökin '78 fagna henni svo sannarlega. Á sama tíma er augljóst svigrúm fyrir hendi til þess að gera svo miklu betur. Hér er tækifæri til þess að taka mun stærri skref og auka þannig réttarstöðu og lífsgæði hinsegin fólks á Íslandi þannig að um munar, enda hlýtur það að vera grunntilgangur áætlana á borð við þessa. Við hvetjum forsætisráðherra til að hugsa stórt og bjóðum fram áframhaldandi aðstoð Samtakanna '78."

Vonandi mun aðgerðaráætlunin taka einhverjum breytingum á Alþingi, í þá átt sem Samtökin '78 skrifuðu í umsögn sinni. Áætlað er að málið verði tekið fyrir í fyrstu umræðu á næstu vikum.

## NÆSTU SKREF - ÞAÐ SEM VIÐ VINNUM AÐ NÚNA

### HINSEGINHÁTÍÐ Í BORGARNESI

Hinsegin Vesturland stóð fyrir veglegri Hisegin hátíð í Borgarnesi helgina 9. - 11. júlí. Var þetta í fyrsta sinn sem slík hátíð er haldin og lukkaðist vel. Athygli vakti að flestir bæjarbúar skreyttu hús sín og myndaðist mikil stemning. Gleðiganga var gengin í gegn um bæinn og er talið að 1200 manns hafi gengið með. Að henni lokinni fór fram skemmtidagskrá í blíðskaparveðri þar Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður, hélt meðal annars ræðu. Hátíðin verður haldin í Snæfellsbæ árið 2022.

### UMSAGNIR UM FRUMVÖRP, REGLUGERÐIR OG TILLÖGUR

Samtökin '78 skrifuðu umsagnir um eftirfarandi þingskjöl og stjórnartillögur á starfsárinu. Umsagnirnar voru bæði unnar sjálfstætt og með eða í samráði við önnur félög. Einnig fundaði fulltrúi Samtakanna '78 með fastanefndum Alþingis og ráðuneytum í kjölfar umsagna sinna.

Hollustuhættir og mengunarvarnir  
Aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks  
Fjárlög 2022  
Hjúskaparlög

## NÆSTU SKREF - ÞAÐ SEM VIÐ VINNUM AÐ NÚNA

### HINSEGIN FÓLK ER LEITAR AÐ ALÞJÓÐLEGRI VERND

Það er ekkert í nýjum útlendingalögum sem tekur á hinsegin fólki. Samtökin hafa unnið mikið með Rauða Krossinum og höfum við miklar áhyggjur af stöðu mála þegar samningi við þau hefur ekki verið endurnýjaður. Okkar krafa er skýr, að mismununarbreitur er tengjast hinseginleika eigi að telja með þegar kemur að úrskurði mála um alþjóðlega vernd.

### TRANS TEYMI LSH OG BUGL

Transteymi LSH hefur verið vel skipað síðustu ár en það sem er að aftra þeim núna eru biðlistar, þau einfaldlega komast ekki yfir öll málin og nú er 2-3 mánaða biðlisti eftir fyrsta viðtali. Eins er margra ára biðlisti eftir aðgerðum, þ.e. neðanaðgerðum og toppaðgerðum. Þetta verður að laga strax því trans fólk sem við höfum rætt við er í alvarlegri sjálfsvígshættu því þau fá engin svör hvenær þau fá að fara í aðgerð. Krafa transteymis LSH er svo innilega hógvær, þau eru að biðja um einn fimmtudag í mánuði til að gera aðgerðirnar of ef að því verður þá er strax hægt að setja aðgerðir á dagskrá, sem mun strax hjálpa þeim sem eru á biðlista.

Eins er transteymi BUGL að glíma við langa biðlista, þau þurfa fleiri hendur á dekk en aðeins eru stöðugildi þeirra 190% til að sinna 50 einstaklingum sem eru í virkri þjónust, fjöldi barna er á biðlista.

Huga verður einnig að því hvernig flutningur á milli þjónustuaðila er háttáð, þ.e. þegar barn verður átján ára að þau detti ekki á milli og geti farið snurðulaust í þjónustu hjá LSH.

### HATUR Í GARÐ MINNIHLUTAHÓPA



Við erum að finna fyrir aukinni spennu í öllu samfélaginu. Það má ekki birtast ein frétt um trans málefni, t.d. án þess að athugasemdakerfin springi og virkilega hatursfull orðræða á sér stað. Það verður að setja það í algjöran forgang að ríkið myndi stefnu gegn hatri.

Forgangsraða þarf alvöru úrbótum og aðgerðum til að bæta stöðu hinsegin ungmenna Skv. könnun sem Samtökin '78 unnu að þá sést bersýnilega að hinsegin ungmenni hafa það verra innan skólakerfisins en önnur börn. Ráðast verður í aðgerðir. Þarna væri náttúrulega nærtækast að fjármagna Samtökin betur svo við getum ráðið einstaklinga í fræðslustarfið okkar.

### **SJÚKRATRYGGINGAR OG REGLUGERÐ UM LÝTALÆKNINGAR (2009)**

Sjúkratryggingar Íslands hafa ekki uppfært hjá sér reglur og reglugerðir til að samræmast lögum um kynrænt sjálfræði. Eitt dæmi: Manneskja sem var með kynskráningu „kona“ var í meðferð við hárvexti í andliti og fékk það niðurgreitt frá Sjúkratryggingum. Manneskjan hins vegar breytti kynskráningu sinni í „kynsegin/annað“ og við það féll niðurgreiðsla Sjúkratrygginga niður. Það verður að fara í heildarendurskoðun á því hvað Sjúkratryggingar niðurgreiða þegar kemur að þjónustu við hinsegin fólk og þá sérstaklega trans fólk.

### **BLÓÐGJAFIR MSM**

Ný reglugerð um blóðgjafir liggur inni hjá heilbrigðisráðherra. Breyting á reglugerðinni er til góða og það er í raun óskiljanlegt hvað þetta tekur langan tíma. Væri gott að pressa áfram á þetta.

### **NIÐURGREIÐSLA Á GEYMSLU OG UPPTÖKU KYNFRUMA HJÁ LIVIO**

Trans fólk sem gengur undir kynleiðréttingarferli ætti að fá niðurgreiðslu frá ríkinu þegar kemur að geymslu og upptöku kynfruma. Eins og staðan er í dag þá er niðurgreiðslan engin.

### **HOLLUSTUHÁTTARREGLUGERÐ (SÍÐAN 2002)**

Loksins er komin breyting á reglugerð um hollustuhætti. Það verður að fylgja málinu eftir. Fyrrum umhverfisráðherra var í mjög góðu samstarfi við hagsmunafélög en núverandi ráðherra hefur ekki haft jafngott samráð og forveri hans.

### **HIV-JÁKVÆÐIR OG SJÚKRATRYGGINGAR**

Það verður að skoða þessi mál. HIV-jákvæðir fá einfaldlega ekki sjúkratryggingar á Íslandi. Ekkert meira um það að segja.

# HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐ SAMTAKANNA '78 OG TJARNARINNAR

## 1. GRUNNUPPLÝSINGAR FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

### Starfsfólk

Hrefna Þórarinsdóttir forstöðukona 75%  
Vigfús Karl Steinsson frístundaleiðbeinandi  
Agnes Ársælsdóttir frístundaleiðbeinandi með stuðning

### Sjálfbóðaliðar

Oktavía Hrund Jónsdóttir  
Luca Moi Forte  
Sigurður Starr Guðjónsson  
Vilma Þórarinsdóttir  
Elías Breki Sigurbjörnsson  
Yrsa Björt Kvien  
Glóey Þóra Eyjólfsdóttir  
Úlfur Steingrímsson  
Margrét Ósk Gunnarsdóttir  
Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir  
Sylvía Rún Rósmundsdóttir

### Þjónustutíminn og fastir fundir með skóla/teymi

Þriðjudagar 19:30–22:00  
Fastir fundir með deildarstjóra og framkvæmdarstjóra/stjórn S78 vikulega frá  
15:00–16:00

## UMBÓTAADGERÐIR

### TRANS UNGMENNI, HÓPASTARF

<b>Markmið</b>	Að auka þjónustu við ört fjölgandi hóp trans ungmenna í starfinu
<b>Lýsing</b>	Mánaðarlegur hittingur þar sem boðið er upp á sjálfsefandi verkefni og umræður í samstarfi við ráðgjafa S78, sjálfbóðaliða Hinsegin félagsmiðstöðvar og forstöðumann.
<b>Dagsetning</b>	Frá febrúar-maí 2022, alls 4 skipti.
<b>Ábyrgðaraðili</b>	Frá febrúar-maí 2022, alls 4 skipti.
<b>Matsaðferð</b>	Könnun meðal þátttakenda

Vinna að verkefninu ekki hafin í janúar 2022. Verkefnið verður skoðað með tilliti til Covid19 faraldursins og þeirra takmarkana sem verða í gildi á framkvæmdartíma.

### OPNANIR FYRIR 10-12 ÁRA HAUSTIÐ 2021-2022

<b>Markmið</b>	Að auka starf fyrir yngri aldurshópin og styðja við þátttöku í hópastarfinu Öll sem eitt.
<b>Lýsing</b>	Vikulegar eða mánaðarlegar opnanir fyrir aldurshópin
<b>Dagsetning</b>	Allt starfsárið

<b>Ábyrgðaraðili</b>	Forstöðumaður og starfsmenn Hinsegin félagsmiðstöðvar
<b>Matsaðferð</b>	Ef góð aðsókn er á opnanir telst markmiði náð

## ÖLL SEM EITT FYRIR 10-12 ÁRA HAUSTIÐ 2021-2022

<b>Markmið</b>	Að styðja og styrkja yngri hinsegin ungmenni.
<b>Lýsing</b>	6-8 skipta hópastarf sem hittist vikulega. Könnun á líðan þátttakenda framkvæmd í upphafi og við lok hópastarfsins. Keyrt á haustönn og vorönn.
<b>Dagsetning</b>	Allt starfsárið
<b>Ábyrgðaraðili</b>	Forstöðumaður og starfsmenn Hinsegin félagsmiðstöðvar
<b>Matsaðferð</b>	Ef góð aðsókn er í hópastarfið og tekst að framkvæma marktæka könnun telst markmiði náð

Vinna við þessar tvær umbótaáðgerðir er hafin en ekki hefur tekist að keyra verkefnið af stað sökum Covid19 faraldursins og vöntun á starfsmanni til að keyra verkefnið með forstöðumanni. Ákveðið var að sameina umbótaáðgerðirnar í eina sameiginlega þar sem ákveðið var að fara þá leið að hafa opnanir fyrir 10-12 ára aldurshópin með verkefnum hópastarfsins í bland við almennar opnanir.

## FAGSTARFIÐ

## FORELDRASAMSTARF

Mikil virkni hefur verið í foreldrahóp félagsmiðstöðvarinnar á miðlinum Facebook. Stefnt var að því að halda opinn foreldrafund með ráðgjöfum S78 og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar á haustönn en það hefur ekki tekist vegna Covid19. Áfram verður stefnt að því að halda foreldrafundinn á vorönn 2022.

## SÉRTÆKT HÓPASTARF EÐA SÉRTÆK NÁLGUN

<b>Hvaða sértæka nálgun</b>	Viðbragð við áfalli
<b>Af hverju</b>	Styðja vinahóp í gegnum andlát innan hópsins
<b>Staðan/hvernig gekk</b>	Gekk mjög vel á haustönn 2021 og haldið áfram á vorönn 2022.

## ALLSKONAR MERKILEGT

Unnið var markvisst að því að bæta tengsl við aðrar félagsmiðstöðvar og virkja starfsfólk þeirra til að taka vaktir í félagsmiðstöðinni til stuðnings við þá erfiðu stöðu sem skapaðist í byrjun hausts. Einnig hófst mikil vinna við að fá aukið fjármagn inn í starfið til að geta bætt þjónustu þess enda mikil þörf á. Töluvert aukning var á samráði við nokkra skóla í borginni sem við fögnum og kom forstöðumaður að úrlausn mála í þremur mismunandi skólum á haustönn.

## HINSEGIN PROM Á BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

<b>Markmið</b>	Að fagna hinseginleikanum og gefa þátttakendum í undirbúningi reynslu í viðburðastjórnun.
----------------	---

**Lýsing** Bókaður verður listamaður til að skemmta og sjá þátttakendur í undirbúningsnefnd alfarið um skipulagningu og framkvæmd með leiðsögn starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar.

**Dagsetning** maí 2022

**Ábyrgðaraðili** Forstöðumaður

**Matsaðferð** Ef tókst að halda Hinsegin Prom telst markmiðinu náð

## ÞÁTTTAKA

Félagsmiðstöðin heldur utan um nákvæma þátttöku í starfinu og greinir þær upplýsingar til að geta aðlagað starfsemi sína í þágu barna og unglinga.

### ALMENNAR OPNANIR

DAGSETNING	DAGSKRÁ	ÞÁTTTAKA
7. september	Opnunarkvöld	122
14. september	Speed friending	124
21. september	Jóla kvöld	130
28. september	Hinsegin bíókvöld	118
5. október	Trúnó kvöld	122
12. október	Dragsúgur	140
19. október	Karaoke	103
1. nóvember	Halloween opnun	111
9. nóvember	Barbie kvöld	97
16. nóvember	Discord opnun	32
23. nóvember	Discord opnun	29
30. nóvember	Discord opnun	24
7. desember	Discord opnun	26
14. desember	Discord opnun	18
21. desember	Discord opnun	23

### UMFJÖLLUN UM ÞÁTTTÖKU

Í byrjun vetrar var þátttakan gríðarleg og nokkuð ljóst að tölur væri aukning væri í áhuga á opnunum félagsmiðstöðvarinnar. Við lentum í tölur vandræðum við að manna opnanir vegna fjölda og var starfið farið að líða fyrir það. Tjörnin og aðrar frístundamiðstöðvar komu til aðstoðar til að auka fagmennsku á opnunum miðað við fjölda og reyndist það vel. Einnig má nefna að tölur fjöldi einstaklinga sótti starfið á tímabili, með það eitt að markmiði að angra þátttakendur í starfinu. Vel var tekið í taumana á því vandamáli og hafði það þau áhrif að mætingartölur lækkuðu örlítið sem

er jákvætt, því við náðum að fjarlægja þá einstaklinga sem komu einungis í neikvæðum tilgangi.

Eftir að félagsmiðstöðin hóf Discord opnanir aftur vegna Covid19 faraldurssins tók mætingin aðra dúfu enda alls ekki allir sem kjósa að taka þátt í rafræna starfinu og vilja heldur mæta á opnanir sem haldnar eru í raunheimum. Mætingin á Discord verður þó að teljast ágæt, þar sem við náum að þjónusta þau ungmenni sem virkilega þurfa á okkur að halda.

Í september varð svo andlát í hópi þátttakenda sem hafði gríðarlega mikil áhrif inn í starfið. Vinahópur einstaklingsins sem lést óskaði eftir aðkomu félagsmiðstöðvarinnar við að aðstoða þau í gegnum áfallið og gengum við við því. Út frá því spratt svo hópastarf þar sem haldið var þétt utan um vinahópinn og er það enn í gangi í janúar 2022.

Ekki var til sérstök viðbragðsáætlun við slíku atviki í félagsmiðstöðinni og þurftum við því að ganga blint í sjóinn með dyggri aðstoð deildarstjóra, framkvæmdarstjóra og SFS og gekk það vel. Ljóst er að þó að slíkt atvik sé ekki algengt í starfinu, er sjálfsvígshætta þeirra barna sem sækja starfið vissulega mikil og opnaði atvikið á umræðu um slíka líðan í félagsmiðstöðinni.

Í desember hófst svo umræða með borgarráði um aukið fjármagn inn í starf félagsmiðstöðvarinnar og var samþykkt að hækka úthlutun félagsmiðstöðvarinnar á árinu 2022 að einhverju leyti. Við erum mjög spennt að sjá hverju það skilar inn í starfið og hvort fleiri taki okkar mál til skoðunar.

Á vorönn 2022 langar okkur fyrst og fremst að geta opnað starfið í Spennistöðinni og þjónustað hópinn okkar í eigin persónu. Einnig langar forstöðumanni að leggja áherslu á fræðslu til sjálfboðaliða og að auka færni þeirra í félagsmiðstöðvastarfi en nú er virkilega þéttur og góður hópur sem starfa sem sjálfboðaliðar í félagsmiðstöðinni. Einnig væri mjög eftirsóknarvert ef við gætum loksins hafið Öll sem eitt verkefnið okkar og boðið upp á opnanir fyrir 10-12 ára í Hinsegin félagsmiðstöðinni.

#### DAGSKRÁ HVERS MÁNAÐAR.HNOTSKURN

Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar var, fram að Discord opnunum mjög fjölbreytt. Nokkrum sinnum í mánuði er óskað eftir tillögum frá þátttakendum á Instagram/ Facebook og á opnunum og stjórnast dagskráin af þeirra óskum. Við höfum áður reynt að skipuleggja okkur mánuð fram í tímann en þessi úrlausn reynist okkur mun betur og við höfum svigrúm til að framkvæma hugmyndir þátttakenda með skömmum fyrirvara. Discord opnanir geta verið ansi einsleitar og er það fyrst og fremst markmið okkar að fá þátttakendur inn og geta spjallað við þau, verið til staðar og bjóða upp á skemmtun af einhverju tagi. Við höfum mikið notað leikinn Jackbox, Gartic Phone og Scribblio sem eru rafrænir leikir og geta margir spilað leikina saman. Einnig höfum við boðið upp á mismunandi rásir á opnunum þar sem er hægt að stíla þema hverrar rásar að því sem þátttakendur hafa áhuga á hverju sinni. Einnig höfum við haft tækifæri til að bjóða upp á einkaspjöll á Discord sem er gríðarlega mikilvægt fyrir þau sem það þurfa. Umbótaáðgerðir

## SKÝRSLA SAMTAKANNA '78 UM STÖÐU ÍSLANDS Á REGNBOGAKORTINU

### 1. STJÓRNARSKRÁ (KYNHNEIGÐ, KYNVITUND, KYNEINKENNI)

Þessi punktur snýr að mismununarkafla stjórnarskrár (eða svipaðra laga ef stjórnarskrá er ekki viðhöfð í landi eða héraði). Til að uppfylla skilyrði ILGA-Europe þá þarf að uppfylla að minnsta kosti eitt eftirfarandi atriði:

- Í stjórnarskrá sé grein gegn mismunun sem tekur sérstaklega fram að kynhneigð, kynvitund eða kyneinkenni á lista yfir mismununarbreytur.
- Stjórnarskrá inniheldur almenna eða tvíræða grein gegn mismunun, en skilningur greinarinnar er sá að mismunun vegna kynhneigðar, kynvitundar eða kyneinkenna er bönnuð með greininni. Þetta verður að rökstyðja t.d. með gögnum úr undirbúningsvinnu stjórnarskrár, löggjafarsögu, lögskýringargögnum, með greinargerð eða dómaframkvæmd.
- Stjórnarskráin banni óbeint mismunun vegna kynhneigðar, kynvitundar eða kyneinkenna, t.d. með því að lýsa yfir að Mannréttindasáttmáli Evrópu sé hluti af stjórnarskránni eða hafi aðra stjórnskipulega stöðu (t.d. með yfirlýsingum stjórnvalda).

Á Íslandi eru teknar fyrir nokkrar mismununarbreytur en engin þeirra snýr að kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Eins er engin tvíræð grein gegn mismunun sem hægt er að rökstyðja með lögskýringargögnum að, t.d. 65. gr stjórnarskrárinnar, skuli taka yfir mismununarbreytur er tengjast hinseginleikanum, þar sem upptalning á mismununarbreytum er skýr, þ.e.: „...kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

### 2. HEILSA (KYNHNEIGÐ, KYNVITUND, KYNEINKENNI)

Þessi punktur nær til laga sem banna mismunun á heilbrigðissviði. Á Íslandi eru a.m.k. tvær lagastoðir sem falla beint að þessum punkti og með lagabreytingu væri möguleiki á að bæta við mismununarbreytum. Þetta eru nr. 40 Lög um heilbrigðisþjónustu og nr. 74 Lög um réttindi sjúklinga.

Þar sem lög nr. 40 fjalla almennt um skipulag heilbrigðisþjónustu en ekki notendur þá er raunhæfasta lagabreytingin líklega sú að bæta mismununarbreytunum við 1. gr laga nr. 74. Þar segir í 2. mgr: „Óheimilt er að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

### 3. MEÐFERÐ GEGN HINSEGINLEIKA (CONVERSION THERAPY)

Meðferð við hinseginleika (e. conversion therapy) á sér nokkrar birtingarmyndir en þær tengjast því að hinsegin fólk er bælt eða því haldið niðri, jafnvel pyntað eða beitt ofbeldi í þeim tilgangi að það „hætti að vera hinsegin“. Þekktasta dæmið um þetta er „afhommun“ Gunnars í Krossinum sem bæði hann og Snorri í Betel töluðu reglulega um eða vísuðu til upp úr aldamótum.

Skilyrði ILGA-Europe til að uppfylla þetta atriði nær til löggjafar og/eða stefnu sem bannar meðferð að því tagi að hún byggir á þeirri forsendu að kynhneigð sé geðröskun eða annars konar röskun sem hægt er að lækna eða fjarlægja.

Á Íslandi eru engin lög sem fjalla beint um þetta atriði. Þó má færa rök fyrir því að hægt væri að gera lagabreytingu á Læknalögum (nr. 53) en hættan er sú að þau verði þá óþarflega sértæk á nákvæmlega þessu sviði. Maltneska þingið fór þá leið að setja heildarlög um hinsegin fólk, önnur en intersex fólk. Í þessum lögum er til dæmis bann við þessum meðferðum mjög skýr (Affirmation Of Sexual Orientation, Gender Identity and Gender Expression Act, nr. 567).

#### 4. UMBOÐ STOFNANNA

Þessi punktur nær til þess þegar innlend mannréttindastofnun eða jafnréttisstofnun hefur beint umboð til að vinna að stöðu kynhneigðar, kynvitundar eða kyneinkenna í lögum sínum eða stofngögnum og vinna markvisst að málefnum er falla að þessum mismunarbreytum.

Á Íslandi gæti þetta fallið undir annað hvort Jafnréttisstofnu eða skrifstofu jafnréttismála innan Forsætisráðuneytisins. Annað hvort þarf að uppfæra málefnasvið skrifstofu jafnréttismála eða breyta og bæta lið merktan l (bókstafurinn L) í lögum nr. 150 Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Öll Norðurlöndin, fyrir utan Ísland, eru með þetta skýrt í sínum lögum.

#### 5. JAFNRÉTTISÁÆTLUN

Krafa ILGA-Europe er skýr: Að stjórnvöld séu með opinbera og skýra áætlun (jafnréttis/aðgerða) sem miðar sérstaklega að hinsegin fólki og taki þá á mismunarbreytunum kynhneigð, kynvitund og kyneinkennum.

Mikilvægt er að aðgerðaáætlunin uppfylli eftirfarandi skilyrði: Ítarleg verkefni með skýrum tímaramma, fjármagn eða aðföng til að áætlunin nái settu marki, skýr ábyrgðaraðili og virkt eftirlit með áætluninni.

Á Íslandi er engin áætlun er varðar hinsegin fólk.

#### 6. MENNTUN (KYNVITUND, KYNEINKENNI)

Þessi punktur fjallar um löggjöf sem banna mismunun á sviði menntunar. Það ætti að vera mjög skýrt í lögum hvað er verið að banna og að hverju lögin eigi að miðast.

Á Íslandi höfum við uppfyllt þennan punkt en aðeins er varðar kynhneigð. Í 24. gr, 2.mgr í lögum nr. 91 Lög um grunnskóla er eftirfarandi talið upp: „Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.“

Því er nærtækast að bæta bæði kynvitund og kyneinkenni við þessa upptalningu.

## 7. VÖRUR OG ÞJÓNUSTA (KYNEINKENNI)

Þessi punktur fjallar um mismunun sem nær til vörukaupa eða þjónustu, þ.e. að banna mismunun á því að geta keypt þjónustu eða vörur vegna kyneinkenna.

Í 180. gr Almennra hegningarlaga er tekið skýrt fram að: „Hver sem í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neitar manni um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, [trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar]...“.

Þarna vantar kyneinkenni til að uppfylla skilyrði þessa punkts.

## 8. BLÓÐGJAFIR

Þessi punktur nær til þess þegar ekki er bannað með lögum, reglugerð eða stjórnsluákvæði að gefa blóð eða hvers konar líkamsvef á grundvelli kynhneigðar eða kynvitund. Öll frestunartímabil þurfa að vera innan marka og réttlæt看leg. Þetta á einnig við þegar heilbrigðisyfirvöld tryggja að:

- Ákvarðanir um tímatakmarkanir eru teknar á einstaklingsgrundvelli og byggðar á áhættumati tengdri kynhegðun almennt en ekki kynhneigð eða kynvitund
- Kynferðisleg saga þess sem gefur blóð er meðhöndluð á ódæmandi hátt.
- Að tryggja að skjöl og gögn skuli ekki notuð til að mismuna körlum sem stunda mök með körlum eða trans fólki.

Á Íslandi er mjög skýrt bann við því að ef karlmaður hefur stundað mök með öðrum karlmanni þá megi hann ekki gefa blóð. Eins ef einhver hefur sofið hjá karlmanni sem stundað hefur mök með öðrum karlmanni þá má sá aðili heldur ekki gefa blóð. Samtökin '78 hafa tekið afstöðu í málinu og aðalfundur samþykkti ályktun en þar segir m.a.:

Aðalfundur Samtakanna '78 beinir því til stjórnvalda, heilbrigðisráðherra og Blóðbankans að aflétta þeirri hrópandi mismunun sem felst í því að meina karlmönnum sem stunda kynlíf með öðrum karlmönnum, t.a.m. hommum, tví- og pankynhneigðum körlum, að gefa blóð.

Samkvæmt núgildandi reglum Blóðbankans má ekki undir neinum kringumstæðugefa blóð ef maður er karlmaður sem hefur haft samfarir við sama kyn, eða ef rekkjunautur er karlmaður sem hefur sofið hjá karlmanni. Hér er ekki á neinn hátt tekið tillit til kynhegðunar að öðru leyti. Í reglum Blóðbankans felast því gamalgrónir fordómar, þar sem kynlíf hinsegin karla er flokkað sem áhættuhegðun algjörlega óháð öðrum þáttum, t.d. sambandsstöðu.

Í vefkönnun Samtakanna '78, sem framkvæmd var haustið 2020, kemur skýrt í ljós að yfirgnæfandi meirihluti þeirra 140 einstaklinga sem tóku þátt í könnunni telja að hverfa þurfi frá þessum úreltu reglum sem viðhalda fordómum gagnvart þeim einstaklingum sem flokkast undir MSM. Eðlilegast væri að skima alla blóðgjafa fyrir áhættuhegðun í kynlífi. Mikill meirihluti svarenda taldi hugmyndir um að krefja



hinsegin karla um ákveðinn skírlífistíma fyrir blóðgjöf niðurlægjandi.

## 9. SJÁLFBIRK FORELDRAKRÁNING

Sjálfvirk viðurkenning foreldra með foreldrum nær til þess að börn sem fæðast þörum (óháð kynhneigð maka og / eða kynvitund) eru ekki fyrir neinum hindrunum til að viðurkenna lagalega stöðu sína sem foreldri. Ísland fær merkinguna „takmarkað“ á þennan punkt.

Rökstuðningur ILGA-Europe fyrir því:

Á aðeins við um börn sem hafa fæðst með gjafsæði en eins og segir í íslenskum lögum: „Kona sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun telst foreldri barns sem þannig er getið. Sama á við um konur sem skráð hafa sambúð sína í þjóðskrá.“ Í raun er það þó þannig að samkynja pör þurfa að skila inn gögnum vegna þessa á meðan gagnkynja pör þurfa þess ekki.

Auðveldasta leiðin væri vissulega að uppfæra barnalögin með þessa athugasemd í huga.

## 10. LÖG UM HATURSGLÆPI (KYNHNEIGÐ, KYNVITUND, KYNEINKENNI)

Til að uppfylla skilyrði ILGA-Europe þá þarf að vera skýrt í lögum að glæpir gegn hinsegin fólki séu hatursglæpir og að möguleiki sé á refsþyngingu vegna þeirra.

Á Íslandi er engin skilgreining á hatursglæpum og ekkert í lögum sem fjallar sérstaklega um hatursglæpi. Í skýrslu Ríkislögreglustjóra frá 2008 segir m.a.: „Lög er fjalla um hatursglæpa geta verið mismunandi en talið er að hægt sé setja þau í þrjá flokka. Í fyrsta lagi má nefna lög við broti sem þegar eru við lýði, ef það brot er framið þar sem fórnarlambi er mismunað fellur brotið undir aðra grein í lögunum. Þessi aðferð er ekki algeng en segja má að með breytingum á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 árið 1973 hafi íslensk stjórnvöld notast við fyrrgreinda aðferð. Árið 1973 með lögum nr. 96/1973 um breytingu á almennum hegningarlögum var bætt inn grein nr. 233. a sem tekur sérstaklega á mismunun. Algengasta aðferð ríkja er að hafa t.a.m. klausu í grein um líkamsárásir þar sem heimilað er að þyngja dóm þegar sannað er að fórnarlambi hafi verið mismunað. Ýmis vandkvæði fylgja þessari aðferð, m.a. getur verið erfitt að greina hversu oft dómari hefur ákveðið að þyngja dóm yfir sakborningi eftir aðildarríkjum. Þriðja leiðin er að ríki hafi lög um hatursglæpi en geri engar breytingar á hegningarlögum.“

Í almennum hegningarlögum er átta sinnum minnst á „þyngingu refsingar“ en ekkert þeirra viðkemur hinsegin fólki eða þeim mismununarbreytum sem unnið er eftir.

## 11. STEFNA TIL AÐ BREGÐAST VIÐ HATRI (KYNHNEIGÐ, KYNVITUND, KYNEINKENNI)

Nær til þess þegar mismununabreyturnar eru taldar upp í innlendri stefnu til að takast á við hatur eða sporna við hatri. Hér er aðeins átt við aðgerðir og stefnumótun ríkja en ekki einstaka stefnur sem kunna að finnast innanlands.

Á Íslandi er engin stefna til að bregðast við hatri eða hvernig á að takast á við það eða sporna gegn því.

## 12. BANN VIÐ INNGRIPUM Á ÓDÆMIGERÐUM KYNEINKENNUM BARNNA SEM GETA EKKI GEFIÐ LEYFI

Þessi punktur nær til þess þegar læknum eða öðru fagfólki er bannað skv. lögum að framkvæma hvers kyns skurðaðgerðir eða aðrar aðgerðir á intersex börnum eða ungmönnum undir 18 ára aldri, þ.e. þegar inngripið hefur enga læknisfræðilega nauðsyn og hægt er að forðast inngripið eða fresta þangað til viðkomandi getur veitt upplýst samþykki sitt.

Ísland hefur uppfyllt nánast öll skilyrði sem þessi punktur nær yfir. Þó er það þannig að ILGA-Europe mat það svo að á meðan intersex fólki er mismunað þá er ekki hægt að gefa Íslandi stig fyrir punktinn. Í lögum um kynrænt sjálfræði er skýr ferill eins og kemur fram í 11. gr. a. Þrátt fyrir skýra og góða löggjöf þá kemur fram í 5. mgr sömu greinar laga nr. 80 um kynrænt sjálfræði: „Í þeim tilvikum þegar barn er ófært um að veita upplýst samþykki sökum ungs aldurs eða er af öðrum sökum ófært um að gefa til kynna vilja sinn skal, þrátt fyrir 2. mgr., eftirfarandi gilda um varanlegar breytingar á kyneinkennum barns yngra en 16 ára sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni ef þær felast í skurðaðgerð vegna of stuttrar þvagrásar (reðurhúfuneðanrásar) eða lyfjameðferð vegna vanvaxtar á typpi“.

- Vegna þessa þá uppfyllir Ísland ekki skilyrði ILGA-Europe.

## 13. AFSJÚKDÓMSVÆÐING

Þessi punktur nær til eftirfarandi atriða:

- Engin greining á sér stað á geðheilsu sem tengist trans málefnum í innlendum klínískum flokkunarstöðlum eða samsvarandi stöðlum. Nær yfir bæði fullorðna og unglunga eða börn.
- Aðgangur að heilbrigðisþjónustu fyrir fullorðna og unglunga eða börn er mögulegur án þess að þurfa geðheilsumat eða greiningu.
- Aðgangur að stuðningsþjónustu fyrir börn sem ekki hafa náð kynþroska er tryggð án þess að krefjast sjúkdómsgreiningar skv. stöðlum.

Á Íslandi nær þetta atriði aðallega yfir unglunga og börn, þar sem þjónusta til sjálfráða trans fólks hefur batnað mikið á undanförunum árum og aðgengi þeirra þjónustu er nú mun betri. Þó þarf fullorðins-teymið að setja sér verklagsreglur sem eru byggðar á nýjustu rannsóknum. Sama er ekki hægt að segja um BUGL, en þar er áfram krafist frumgreiningar ásamt því að börn fá enn nákvæmlega sömu þjónustu óháð því hvort um kynama er að ræða eða samþættan vanda.

#### 14. ALMENN LÖG (KYNHNEIGÐ, KYNVITUND, KYNEINKENNI)

Í raun er þessi punktur sá einfaldasti, eina krafan sem er sett fram af ILGA-Europe er að í lögum um alþjóðlega vernd, Útlendingalög í okkar tilfelli, þá þarf að minnast á mismununarbreiturnar kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni og þá í þeim tilgangi að einstaklingurinn á frekar að fá vernd vegna þeirra.

Á Íslandi er hinsegin fólk ekki á meðal þeirra sem listað er upp undir „Einstaklingar í sérstaklega viðkvæmri stöðu“. Þrátt fyrir að finna megi lögskýringargögn sem tæpa á þessum breytum þá náði það ekki fram að ganga til að enda í fullbúnum lögum. Vegna þessa þá uppfyllir Ísland engin skilyrði fyrir þennan punkt.

#### 15. STEFNA EÐA JÁKVÆTT FRAMTAK (KYNHNEIGÐ, KYNEINKENNI)

Þetta atriði tekur til þeirra þátta þegar hinseginleiki (kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni) er sérstaklega tilgreindur í stefnum, leiðbeiningum eða öðrum ráðstöfunum vegna alþjóðlegrar verndar.

Á Íslandi uppfyllum við aðeins þetta skilyrði þegar um kynvitund er að ræða, en einstaklingar sem leita að alþjóðlegri vernd á Íslandi geta breytt kynskráningu sinni á opinberum gögnum. Kynhneigð og kyneinkenni eru ekki nefnd neins staðar.

